



Ágúst Sigurðsson sveitarstjóri Rangárbíngs ytra, Drífa Hjartardóttir, formaður stjórnar Lundar, Kristján Júlíusson, heilbrigðisráðherra, Björgvin G. Sigurðsson, sveitarstjóri Ásahrepps og Margrét Ýrr Sigurgeirsdóttir, hjúkrunarforstjóri Lundar, taka fyrstu skóflustungu að nýrri viðbyggingu við Lund.

Ljósmynd: ÖG.

Skóflustungur tekur að nýrri viðbyggingu við Lund

Skóflustungur að nýrri viðbyggingu við Hjúkrunar- og dvalarheimilið Lund á Hellu voru teknar 11. september sl. Það voru þau Kristján Þór Júlíusson heilbrigðisráðherra, Drífa Hjartardóttir formaður stjórnar Lundar, Margrét Ýrr Sigurgeirsdóttir hjúkrunarforstjóri Lundar, Björgvin G. Sigurðsson sveitarstjóri Ásahrepps og Ágúst Sigurðsson sveitarstjóri Rangárbíngs ytra sem tóku fyrstu skóflustungurnar.

Viðbyggingin verður 627 fermetrar að stærð með átta rúmgóðum herbergjum. Með viðbyggingunni er ætlunin að fækka tvíbýlum og skapa fyrsta flokks aðstöðu fyrir heilabílaða. Áætlað er að framkvæmdir hefjist fljótlega. Áætlaður kost-

aður við framkvæmdina er 238 milljónir króna, en fjármagn til byggingarinnar kemur frá Fram-

kvæmdasjóði aldraðra, sveitarfélögunum Rangárbíngi ytra og Ásahreppi, ásamt ríkinu. -ög

Litla bókasafnið opið allan sólarhringinn

Fyrir skömmu var settur upp sérstakur bókastaur við Grenigrund á Selfossi. Á staurnum er kassi með bókum sem fólk getur fengið lánaðar.

Hjördis Þorfinnsdóttir sagðist hafa haft þessa hugmynd lengi í kollinum en hefði ákveðið að hrinda henni í framkvæmd í tilefni þess að Selfoss verður brátt bókabær. „Fólk getur fengið lánaða bók hvenær sem það vill og skilað þegar það vill. Eins er fólk velkomið að eiga bækur ef það vill, nú eða gefa bækur í bókakassann,“ sagði



Guðrún Guðmundsdóttir og Hjördis Þorfinnsdóttir við bóka-kassann góða sem staðsettur er við Grenigrund á Selfossi.

Hjördis. Kassinn er staðsettur við endann á Grenigrund við göngustíginn inn á tjaldsvæði Gesthúsa á Selfossi. -ög



Frá afhendingu reiðhjólanna. Frá vinstri: Hafsteinn Viktorsson, Björgvin Þór Smáráson sölufulltrúi Jötunn, Oddur Árnason yfir-lögregluþjónn, Guðjón Smári Guðjónsson og Hermundur Guðsteinsson.

Jötunn ehf. gaf lögreglunni á Selfossi tvö reiðhjól

Jötunn ehf. gaf lögreglunni á Selfossi í vikunni tvö reiðhjól til að nota við löggæslustörf. Þessi ferðamáti er sífellt að verða vinsælli hér í sýslu og sveitarfélögin hafa í auknum mæli verið að byggja upp stíga sem nýtast fyrir hjólandi umferð.

„Það má segja að okkur sé nauðsynlegt að hafa svona tæki til að fylgja þróuninni í sam-

félaginu,“ sagði Oddur Árnason yfir-lögregluþjónn á Selfossi. „Lögreglumenn hér hafa reyndar verið að nýta eigin hjól í ýmis verkefni eins og t.d. eftirlit í íbúðahverfum að nóttu til og í iðnaðarhverfum. Þessi ferðamáti gefur okkur kost á að komast þar sem ekki er hægt að fara um á bílum. Yfirferðin er mikil á stuttum tíma og eftirlitið skilvirkt.“ -ög

Fyrirlestur um eldvirkni haldinn á Laugarvatni

Ari Trausti Guðmundsson jarðeðlisfræðingur flutti fyrirlestur í Menntaskólanum að Laugarvatni, á Degi íslenskrar náttúru sl. þriðjudag.

Var fyrirlesturinn um eldvirkni á Íslandi, með sérstakri áherslu á eldgosið í Holuhrauni, aðdragandann að því og mögulegt framhald eldvirkni á svæðinu. Ari Trausti þurfti ekki að kvarta yfir skorti á athygli viðstaddra, en hann kom á Laugarvatn að

frumkvæði náttúrufræðikennara skólans. Auk nemenda og starfsmanna skólans mátti sjá gesti frá grunnskólanum og Háskólanum á Laugarvatni í þéttsetnum mat-salnum.



Ari Trausti Guðmundsson.

Er gólfhitinn rétt stilltur?

Fáðu
fagmann
í verkið



PÍPULAGNIR
HELGA

Selfossi · Sími 699 1985 · 772 2142



TOYOTA

ALWAYS A
BETTER WAY

Allar almennar bílaviðgerðir, hjólbarðapjónusta, rúðupurrkur, perur og síðast en ekki síst hin sívinsæla smurpöjónusta á 30% afslætti.

Toyota Selfossi, Fossnes 14, 800 Selfoss

www.toyotaselfossi.is



Knattspyrnuslútt 2014

Lokahólf meistaraflokks og 2. flokks karla og kvenna verður haldið laugardagskvöldið 27. september í Hvítahúsinu. Knattspyrnumenn og aðrir áhugasamir eru hvattir til að mæta og enda skemmtilegt fótboltasumar saman á einstöku kvöldi.

Matseðill:
Rjómalöguð sjávarréttasúpa og brauð
Villikryddað lamb, smjörgljáðar kartöflur, grænmeti og skógarsveppasósa. Kaffi og konfekt.

Dagskrá:
Verðlaunaafhending, Skemmtiatriði
Stórdansleikur með SÁLIN HANS JÓNS MÍNS, TJ the DJ.
Veislustjóri: Einar Bárðarson

Miðaverð: 6.500 kr.

Forsala miða: Guðfinna T. s: 899-7752 og Þóra J. s: 893-2844 - Húsið opnar kl. 19 og kl. 00 fyrir almenning



Knattspyrnuslútt BALLIÐ 2014

SÁLIN HANS JÓNS MÍNS 27. SEPT



HÚSIÐ OPNAR KL. 00:00 FYRIR ALMENNING!



Réttaball

í Réttinni í Úthlíð laugardaginn 20. sept.
Hljómsveit Stefáns P. leikur fyrir dansi.
Húsið opnað kl. 23:00



HOFLAND-SETRIÐ

PIZZA SMÁRETTIR BAR
Sími-483 4467

Kæru viðskiptavinir!

Laugardaginn 20. september nk. verður lokað vegna útfarar
Sigurðar Hrafn Tryggvasonar

Blessuð sé minning hans
Fjölskyldan



Eyrangevi 32, Selfossi
Sími 571 8288

Reykjavík - Hafnarfjörður - Selfoss
London - Berlín - Kaupmannahöfn

Fylgstu með okkur á Facebook.

<https://www.facebook.com/800bar800>

800 BAR

SENNILEGA BESTI BAR Í HEIMI

Eyrangevi 2, Selfossi



Nemendur og kennarar við Skógafoss.

Nemendur í FSu gengu á Fimmvörðuháls

Nemendur í útivistaráfanga FSu gengu á Fimmvörðuháls um þarsíðustu helgi. Í hópnum voru 29 nemendur og 3 kennarar. Fyrri daginn var gengið yfir Fimmvörðuháls og gisti í Básum, en seinni daginn var gengið og vaðið inn Merkurker áður en haldið var heim. Aðstæður á Fimmvörðuhálsi voru nokkuð krefjandi, þoka og rigning, en hópinn stóð sig vel og allir kláruðu gönguna áfallalaust. Þessi leið er 25 km löng og tók um tíu klukkustundir að ganga hana með nokkrum stoppum.

Matvælabrautir undir stjórn Guðríðar Egilsdóttur sá um að útbúa kvöldmat sem var framreiddur í Básum. Þar var á

boðstólum úrbeinað lambalæri, piparsósa, kartöflusalat og grænmetissalat með dressingu. Allt smakkaðist dásamlega og endurnærðust göngumenn á mettimi.

Þess má geta að á haustönn eru kenndir í FSu tveir útivistaráfanga sem eru meðal þeirra fjölbreyttu valáfanga í íþróttum sem boðið eru upp á við skólann. Annar áfanginn snýst um að fara í nokkrar stuttar göngur á fjöllum í nágrenni skólans, en hinn um fyrrnefnda göngu yfir Fimmvörðuháls.

Kennarar íþróttagreina við FSu eru Sverrir Ingibjartsson, Ásdís Björg Ingvarsdóttir og Magnús Tryggvason.



heittasti tónlistar- & næturklúbbur á Íslandi

Fimmtudagur
Uppistand The Comedy Club
kl. 22:00. MILLERTIME á meðan! Sex MILLER í fötu á 3.000! Fróken Frón spilar hressandi tónlist eftir grínið!

Föstudagur
BLACK FRIDAY með ANDRÉ RAMIREZ! Old school Hip hop í bland við það nýjasta! Kræst hvað það er kúl!

Laugardagur
CRABBIES PARTY með GAYKAY! Frir CRABBIES milli 23 & 00! Say no more, þetta kvöld er solid!


BOLTINN Í BEINNI!
Rizzo Pizzur, Lúxus Nachos & Boltabjór!

Laugardagur
13:55 Aston Villa - Arsenal
16:20 West Ham - Liverpool

Sunnudagur
12:20 Leicester - Man. United
14:50 Man. City - Chelsea

Þriðjudagur
18:35 Liverpool - Middlesbrough

Boltinn í beinni
fron@fronclub.is / Eyrangevi 35 / 800 selfoss



Gullbrúðkaup

Hördur Jóhannsson og Agnes Karlsdóttir á Eyra-bakka eiga 50 ára brúðkaupsafmæli föstudaginn 19. september nk.



WWW.SELFOSSBIO.IS

SelfossBíó

KVÍKMYNDAHÚS

SÍMI: 517 7000

SÝNINGAPLAN	18. SEPT	19. SEPT	20. SEPT	21. SEPT	22. SEPT	23. SEPT	24. SEPT
1 PÓSTURINN PÁLL - ÍSL. TAL	17:30		11:00	13:00, 15:00			
6 TÖFRAHÚSIÐ - ÍSL. TAL		18:00	13:00, 15:00	11:00	18:00	17:30	18:00
7 THE HUNDRED FOOT JOURNEY	19:30					19:30	
12 IF I STAY			17:00	17:00	20:00		20:00
12 THE MAZE RUNNER		22:20	20:00	22:20		22:20	
10 A WALK AMONG THE TOMBSTONES		20:00	22:20	20:00	22:20		22:20
12 THE NOVEMBER MAN	22:20 LOKASÝNING						

FRUMSÝNING TILBOÐ POWERSÝNING

PÚ PASSAR HANN VIÐ PÖSSUM ÞIG
VELDU ÖRYGGI FYRIR ÞIG OG ÞÍNA











Ventus K115 Kynergy Dynapro











Nánari upplýsingar
www.solning.is

SÓLNING
Renndu við

Smíðjuvegi 68-72, Rvk | Hjállahrauni 4, Hfj | Fitjabraut 12, Njarðvík | Eyrauvegi 33, Selfossi | Barðinn, Skútuvogi 2

prentmet
Suðurlands
HRADÞJÓNUSTA
Eyrauvegi 25, Selfossi

Ljósritun Gormun

Vinnuhópur skipaður til að móta stefnu um uppbyggingu skólahúsnæðis í Árborg

Á fundi bæjarráðs Árborgar ásem haldinn var þann 11. september sl. var samþykkt að skipa vinnuhóp til að meta þörf og móta stefnu um uppbyggingu skólahúsnæðis í sveitarfélaginu til næstu ára, bæði leikskóla- og grunnskólahúsnæðis. Hópurinn skal skila áætlun um uppbyggingu þessara mannvirkja, hvenær þörf er á auknu húsnæði, þróun nemendafjölda o.s.frv. Eftir að vinnu hópsins lýkur og niðurstöður hans liggja fyrir skal vera hægt að áætla þörfina á auknu húsnæði til næstu ára og hvenær þarf að hefja byggingu þess.

Formaður fræðslunefndar, Sandra Dís Hafþórsdóttir, verður formaður hópsins, en aðrir nefndarmenn eru Ásta Stefánsdóttir, Íris Böðvarsdóttir, Arna Ír Gunnarsdóttir og Már Ingólfur Másson. Fræðslustjóri mun starfa með hópnum. Að auki skal hópurinn kalla til eftir þörfum aðila af fræðslusviði og framkvæmda- og veitusviði. Hópurinn skal skila niðurstöðum og tillögu um næstu skref varðandi framtíðaruppbyggingu í skólamálum til bæjarráðs fyrir 1. mars 2015.

-ög

Starfsmaður óskast!

Vegna aukinna umsvifa vantar okkur kælivirkja.

Raf- og kælipjónustan
Selfossi
Sími 692 4649



MND félagið á Íslandi

Fundur um:

Notkun spjaldtölva til samskipta og talmeina almennt - Mögulegar lausnir

MND félagið býður öllum áhugasömum til fundar á Hótel Selfossi fimmtudaginn 2. október.

Kl. 10:00 - 12:00

Sigrún Jóhannsdóttir frá TMF mun fjalla um mögulegar lausnir. Tækni til tjáskipta – möguleikar í spjaldtölvum og PC tölvum til að skrifa; tala og lesa.

Kl. 12:00 - 14:00

Hádegishlé. Tilvalið að fá sér eitthvað gott á hótelinu. (Ekki innifalið)

Kl. 14:00 - 15:00

Dr. Sigríður Magnúsdóttir talmeinafræðingur, segir frá sínu sérsviði, kyngingu, raddböndum, þind og þeim úrræðum sem til eru.

Kl. 15:00 - 16:00 Kaffi og spjall.

Allir áhugasamir eru velkomnir. Á annan eða báða fyrirlestrana. Til að tryggja sér pláss verður að skrá sig. Sendið nafn, e-mail og heimili á mnd@mnd.is og segið hvorn fyrirlesturinn þið mætið á eða báða.

AÐGANGUR ER ÓKEYPIS, en tekið við framlögum á staðnum.

Þjálfararáðstefna Árborgar 2014

Gleði – Styrkur – Afrek

Þjálfararáðstefna Árborgar verður haldin í Sunnulækjarskóla á Selfossi 26. og 27. september. Þema ráðstefnunnar er gleði, styrkur og afrek.

Markmiðið með ráðstefnu eru margþætt en má þar nefna meðal annars:

- Efla símenntun þjálfara í Árborg
- Auka þekkingu og kunnáttu þjálfara í sveitarfélaginu
- Opna á samskipti á milli þjálfara í mismunandi íþróttum

- Efla samstarf þjálfara við aðra aðila innan sveitarfélagsins sem starfa með börn og unglinga, svo sem grunnskóla, barnavernd/félagsþjónustu og félagsmiðstöð
- Skýra verkferla til að taka á vandamálum sem upp geta komið í íþróttastarfssemi svo sem eineltismál

Föstudagurinn 26. september

- 17:00 Setning – Kjartan Björnsson, formaður íþróttar- og menningarnefndar Árborgar
- 17:05 Kynning á forvarnarteymi Sveitarfélagsins Árborgar
- 17:15 Vægi íþróttar í samfélaginu – Bragi Bjarnason, menningar- og frístundafulltrúi Árborgar
- 17:30 Sýndu hvað í þér býr – Sabína Steinunn Halldórsdóttir, landsfulltrúi UMFÍ
- 17:30 Hvað þarf til að ná árangri í þjálfun fatlaðra íþróttamanna? - Ingi Þór Einarsson, kennari í íþróttar- og heilsufræði við Háskóla Íslands
- 18:15 Að þrífast í krefjandi starfi – Reynar Kári Bjarnason, sálfræðingur frá Líf og sál
- 19:00 Kvöldverður
- 19:30 Hverjir eru bestir? – Hópefli tekið alla leið undir stjórn Gunnars Eysteins Sigurbjörnssonar
- 21:30 Dagskrá lýkur

Laugardagurinn 27. september

- 08:45 Léttur morgunverður
- 09:00 Styrktarþjálfun – Silja Úlfarsdóttir, einkaþjálfari og afrekskona í frjálsum íþróttum
- 10:00 Látum drauminn rætast – Gunnar Magnússon, þjálfari Íslandsmeistara ÍBV og aðstoðarlandsliðsþjálfari í handbolta
- 11:00 Afreksmaðurinn – Margrét Lára Viðarsdóttir, landsliðskona og atvinnumaður í knattspyrnu
- 12:00 Hádegisverður, umræður og samantekt
- 13:00 Lok ráðstefnu



Nánari upplýsingar veita Gissur Jónsson, framkvæmdastjóri Umf. Selfoss í síma 894 5070 og Gunnar Eysteinn Sigurbjörnsson, tómstunda- og forvarnarfulltrúi Sveitarfélagsins Árborgar, í síma 820 4567.

Allir sem koma að þjálfun íþróttar á Suðurlandi eru hvattir til að taka þátt í skemmtilegri og fræðandi ráðstefnu.

Skráning fer fram í netfanginu umfs@umfs.is og lýkur fimmtudaginn 25. september



Nýr heilsu- og æfingastígur í Þorlákshöfn

Framkvæmdum við nýjan heilsu- og æfingastíg í Þorlákshöfn sem hófst í vor er nú lokið. Heilsustígurinn sem er 3,4 km að lengd liggur eftir göngustígum bæjarins og gangstéttum. Upphaf og endir stígsins er við Íþróttamiðstöðina, en notendur hans geta farið inn á hann hvar sem þeim hentar. Meðfram stignum eru fimmtán misstórar æfingastöðvar, allt frá einum staur og upp í töluverð mannvirki. Við hverja stöð er skilti með leiðbeiningum um æfingar. Æfingunum er skipt upp í styrk, liðleika/fimi og úthald. Heilsustígurinn er ný

leið til bættrar lýðheilsu og fjölbreyttrar útivistar.

Lýðheilsuverkefnið Vita-parcours (æfingastígur) hófst hjá svissnesku tryggingafélagi fyrir 1970, en það fólst m.a. í því að settir voru upp stigar með allt að 15 „æfingastöðvum“. Verkefnið hefur verið í stöðugri þróun síðan og hafa yfir 500 æfingastigar verið settir upp í Sviss. Einnig hafa verið settir upp stigar á Ítalíu, í Frakklandi, Þýskalandi, Hollandi, á Íslandi og í fleiri löndum. Stígarnir geta verið mislangir allt frá 600 metrum upp í 4,2 kílómetra.

Æfingarnar henta jafnt þjálf-

uðum sem óþjálfuðum og eru fyrir fólk sem æfir reglulega en vill fjölbreytni. Einnig eru þeir hentugir fyrir fólk sem vill ekki eða treystir sér ekki til að æfa í líkamsræktarstöðvum og eins fyrir fólk í endurhæfingu. Heilsustígurinn hentar öldruðum, íþróttafólki og unglingum eða kyrrsetufólki sem vill breyta um lífsstíl. Nú er bara um að gera að drífa sig af stað upp úr sófanum og byrja. Svo sakar ekki að geta þess að það kostar ekkert að fara heilsustíginn.



Sundlaugin á Hellu 30 ára

Haldið var upp á 30 ára Hafmæli sundlaugarinnar á Hellu laugardaginn 13. september síðastliðinn. Var það m.a. gert með því að bjóða íbúum frítt í sund þann dag. Þá var

boðið upp á ís fyrir krakkana ásamt kaffi og afmælisköku fyrir alla. Kristinn Ingi hélt uppi góðri stemningu með því að spila tónlist á sundlaugarbakkanum.

Félag eldri borgara Selfossi

Við erum búin að fá tíma í íþróttahúsi Vallaskóla á miðvikudögum kl. 10:30 til 11:30 og í Iðu á fimmtudögum kl. 9:00 til 10:00. Þetta verður eins og undanfarin ár, leikir og boccia. Mætum öll og nýir velkomnir í hópinn.

Félagar í FEB Selfossi.

Eldri borgarar Stokkseyri

Við ætlum að fara að hittast aftur eftir sumarfrí, í Ásgeirsbúð á þriðjudögum kl. 14 - 16. 60 ára og eldri velkomnir.

Sunnlenski matgæðingurinn



Logi Guðmundsson minkabóndi í Neðri-Dal er sunnlenski matgæðingurinn þessa vikuna.

Ég ætla nú að byrja á að þakka Önnu Birnu fyrir áskorunina og ætla ég í þakklatisskyni að bjóða henni ásamt maka í mat eitthvert föstudagskvöldið þar sem réttur vikunnar verður á boðstólum.



Loga pizza

Deig:

Vatn 4 dl

Hafranjöl 3 dl

Hveiti 9 dl

Heilhvæiti 1 dl

Ger 2 tsk.

Salt 1,5 tsk.

Hvitlauksolía:

Hvitlaukur 1 stk. fínsaxaður

Ólífuolía: 1 bolli

Flatbökusósa:

Tómatsósa 1 bolli

Báhncke sterkt sinnep: ½ bolli

Hrærið sinnepið og tómatsósa-

una. Einnig hægt að nota

venjulega flatbökusósu

Hræfni á böku:

Túnfiskur í vatni 1 dós

Skinka að eigin vali (t.d. söxuð)

Pepperoni 1-2 bréf

Græn paprika 2 stk. söxuð

Rauð paprika 1 stk. söxuð

Íslenskir sveppir niðursneiddir

4 stk.

Saxaður laukur 2 stk. meðalstór

Sardinur í olíu 2 dósir

Rifinn ostur frá MS 1 poki (má

líka nota gouda 26% sneiddur

niður eftir þörfum)

Beikon 4-5 lengjur sneiddar

niður

Aðferð:

Set hræfni fyrir deig í brauðvélna, gef mér góðan tíma og leyfi deiginu að hefast vel eftir að vélin klárar ca. 1,5 tíma. Þá verður það umfangsmeira og betra. Eins má setja hafranjöl í deigið, þá verður það loftkenndara og mýkra. Síðan skipti ég deiginu í tvo hluta þannig það passi á tvær ofnplötur. Því næst smyr maður sósun þannig að hún þeki vel. Þá er það túnfiskurinn, tek vatnið úr dósinni og dreifi yfir. Þá næst söxuð skinka, pepperoni frá SS eftir þörfum, þá næst sardinur frá ORA. Gott að hella olíunni sem er eftir í dósinni yfir bökunna. Þá dreifi ég saxaðri papriku yfir, fyrst græna síðan rauða, og þá passar að skella sveppunum á fyrir þá sem vilja. Að lokum er osti stráð yfir eftir smekk en þó betra að hafa meiri ost en minni og til að gera bökunna alveg guðdómlega má

bæta ofan á ostinn þunnum beikonbitum.

Í ofninn:

Stilli ofninn á 180 gráður. Önnur bakan er sett alveg neðst í ofninn og hin í miðjan ofninn og eftir ca. 10 mín. skipti ég og set efri bökunna neðst. Með þessari aðferð fæst stökkur botn á bökunna. Bakist þar til osturinn er orðinn örllítið stökkur efst.

Á meðan pizzan er að bakast í ofninum er upplagt að saxa niður hvitlaukinn og útbúa olíuna. Þetta er okkar föstudagspizza. Hún hefur verið bökuð á nánast hverjum einasta föstudegi hér í Neðri-Dal í ca. 15 ár.

Grunnurinn er alltaf sá sami en hægt er að útfæra hana á marga vegu allt eftir smekk.

Oftast klárast bökunar, en ef ekki, er fint að borða þær daginn eftir. Þá má líka skera í sneiðar og frysta til mögðu árána.

Þverhausar (fyrir annasamari tíma)

Veturgamlir eða eldri hausar 2-4, oftast fengnir frá félagsbúinu Ytri-Skógum, eldaðir í stórum potti 2-3 tíma. Salta vel eftir þörfum, gjarnan eldað hér á bæ þegar mikið liggur við, margir í mat og tími knappur. Þá passar að setja hausana ásamt salti í stóra pottinn um átta leytið áður en maður fer út svo er upplagt koma heim í tíu-kaffinu og kveikju undir á miðlungs hita. Svo er ég vanur að koma upp úr kl. 11:30 og útbúa kartöflumús, taka deig úr vélinni og baka brauð ásamt því að leggja á borð.

Kartöflustappa (fyrir matvanda)

6-7 kartöflur stappaðar saman við Libby's tómatsósu (verður að vera Libby's).

Gjarnan sér hin matvandi um að útbúa þennan rétt sjálfur.

Þurfi menn frekari ráðleggingar varðandi þennan rétt bendi ég á Sigurð Jakob Jónsson, sýslumannsfrú að Varmahlíð.

Þá ætla ég að skora á Sigþór Þórarinnsson minkabónda að Þjótanda að vera matgæðingur í næstu viku en ég veit að hann kann að elda alvöru íslenskan mat án allra aukefna.

Matgæðingar eru beðnir að senda uppskrift ásamt mynd af sér eigi síðar en á mánudagsmorgni.

DAGSKRÁIN

Útgefandi: Dagskráin, Eyraveggi 25, 800 Selfoss, sími 482 1944, fax 482 2835, dagskrain@prentmet.is. Ritstjóri og blaðamaður: Örn Guðnason, sími 856 0672, orn@prentmet.is. Auglýsingar: Katla Harðardóttir, sími 482 1944, katla@prentmet.is

Dagskráin kemur út á hverjum fimmtudegi. Allt efni og auglýsingar berist í Prentmet Suðurlands, Eyraveggi 25, Selfossi, fyrir hádegis á þriðjudögum. Upplag 9000 eintök. Dreift ókeypis í allar sýslur austan Hellisheiðar. Dagskráin er aðili að samtökum bæjar- og héraðsfréttablaða.

ISSN 1670-407X

Prentmet - Umhverfissvottuð prentsmíða



Gáta vikunnar

Ótal þræðir um mig renna.
Oft ég kem að þínum vörum.
Vopn og hnífa vön að spenna.
Veðringar mig nota í förum.

Svar við gátu í blaði 2260: LÍNA

Fiski-lína. Rafsíma-lína.

Lína langsokkur. Rit/Prent-lína

BONUS BONUS BONUS BONUS BONUS

Nýtt íslenskt á góðu verði í Bónus



Íslandsnaut: 2 x 140 g ungnautahamborgarar



Bónus Lambhagablanda



Bónus ferskar grísakötiletur



Íslandsnaut: Ferskt ungnautahakk



Kjarnafæði Ferskt lambasúpukjöt 1.flokkur



Bónus ferskur grísabógur



Íslandsnaut: Ferskt ungnautagúllas



Íslandslamb Ferskur hálfur lambahryggur (lundarparturinn) af nýslátruðu



Berio extra virgin olía 500+250 ml

Berio olíuvolla 500+250 ml

NÝTT
KORTATÍMABIL



AFGREIÐSLUTÍMI
FIMMTUDAGUR
11:00-18:30

BONUS EKKERT BRUÐL



AFGREIÐSLUTÍMI
FIMMTUDAGUR
11:00-18:30



Sunnulækjarskóli

Við Sunnulaekjarskóla á Selfossi er laus staða kennara á miðstigi.

Umsækjandi þarf að geta hafið störf sem fyrst og eigi síðar en 20. október.

Starfið krefst kennsluréttinda, góðra skipulagshæfileika og mikillar hæfni í mannlegum samskiptum. Reynsla af teymisvinnu og áhugi á þróunarstarfi eru mikilvægir eiginleikar.

Í skólanum er lögð áhersla á sveigjanlega og fjölbreytta kennsluhætti, einstaklingsmiðað nám, teymisvinnu kennara, ábyrgð nemenda og góða samvinnu allra sem að skólastarfinu koma. Laun og starfskjör eru samkvæmt kjarasamningi Launaneftdar Sveitarfélaga og KÍ. Starfið hentar jafnt konum sem körlum.

Nánari upplýsingar má finna á vefsíðu skólans: <http://www.sunnulaekjarskoli.is>.

Umsóknarfrestur er til 24. september 2014.

Umsókn með upplýsingum um menntun, starfsreynslu og umsagnaraðilum sendist Birgi Edwald, skólastjóra, birgir@sunnulaek.is eða Sunnulaekjarskóli, Norðurhólum 1, 800 Selfoss.

Skólastjóri



Ástkær eiginmaður minn, faðir, tengdafaðir, afi og langafi,

Sigurður Hrafn Tryggvason,
Heiðmörk 58, Hveragerði,

varð bráðkvaddur erlendis þann 1. september síðastliðinn. Útför hans fer fram frá Hveragerðis-kirkju laugardaginn 20. september kl. 14:00. Blóm og kransar afpakkaðir en þeim sem vilja minnst hans er bent á Styrktarfélag hjartveikra barna, Neistann. Reikningsnúmer 0101-26-4995, kt. 490695-2309.

Guðbjörg Hofland Traustadóttir
Berglind Hofland Sigurðardóttir
Tryggvi Hofland Sigurðsson Hjördís H. Wíum Guðlaugsd.
Eva Dögg Hofland Guðmundur Kjartansson
Ísabella Hofland Tryggvadóttir
Tryggvi Hrafn Hofland Tryggvason
Emilía Guðbjörg Hofland Tryggvadóttir
Berglind María Hofland Guðmundsdóttir



Félag eldri borgara Hveragerði

Fyrsta skemmtikvöld vetrarins hjá FEBH verður föstudaginn 26. september kl. 19.30. Allir 60+ eru velkomnir.

Hverafuglar, kór Félags eldri borgara í Hveragerði, æfa á fimmtudögum í vetur. Fyrsta æfing verður fimmtudaginn 18. september kl. 16:00. Létt og skemmtileg sönglög undir stjórn Örlygs Atla Guðmundssonar. Allir velkomnir á fyrstu æfingu. Ekki nauðsyn að hafa söngreynslu.

Haustferð félagsins er fyrirhuguð laugardaginn 27. sept. Farið frá Þorlákssætri kl. 9 árdegis og ekið um Þingvöllum, Uxahryggi og að Reykholti, súpa og salat í hádeginu. Komið við að Háafelli í Hvítársíðu og geitabúið skoðað, þaðan að Húsafelli. Haldið heim á leið með viðkomu á Hvanneyri þar sem drukkið verður kaffi. Áætluð heimkoma um kl. 7 síðdegis. Verð fyrir manninn er 8.000 kr. Þátttökulisti í Þorlákssætri.

Vetrarstarf Vörðukórsins hafið

Vetrarstarf Vörðukórsins er hafið. Æft verður í Brautarholti fyrst um sinn, á miðvikudagskvöldum kl. 20:30. Stjórnandi kórsins er sem fyrr Eyrún Jónasdóttir í Kálfholti. Stefnt er að tveimur tónleikum, annars vegar 28.

nóvember þar sem efnisskrá síðasta vetrar verður flutt í bland við nýtt og hins vegar 1. apríl þar sem afkrastur vetrarins verður borinn í tónleikagesti. Þá er stefnt að baðstofukvöldi 6. febrúar þar sem reynt er að endurskapa hina gömlu baðstofumeningu með nútímalögu ívaði.

Þessar samkomur hafa verið afar vel sóttar og mælst vel fyrir, enda fjölbreytt skemmtiatriði í boði, söngur, eftirhermur og gamanmál, upplestur og kvikmyndir. Við ætlum okkur svo að enda vetrarstarfið með

helgarferð til Vestmannaeyja 2.-3. maí.

Kórfélagar koma víða að, úr Hreppum og af Skeiðum, úr Tungum og neðan úr Flóa og oft hafa Laugvetningar verið með okkur.

Nýir kórfélagar eru að sjálsögðu velkomnir, enda er hér á ferðinni spennandi tækifæri að taka þátt í list-sköpun, sjálfum sér og öðrum til ánægju og ekki síður að vera þátttakandi í skemmtilegum félagskap.

Stjórn Vörðukórsins.



Aukin sálfræðipjónusta á Selfossi

Sálfræðistofan Greining og Meðferð ehf. hefur opnað útibú að Austurvegi 65 á Selfossi. Þar er veitt sálfræðipjónusta alla þriðjudaga. Hægt er að panta viðtalstíma í síma 820 0040 eða í netfanginu vidtal@gom.is. Allar nánari upplýsingar um þjónustuna eru á heimasíðu stofunnar; <http://gom.is>.

Hannes Björnsson sálfræðingur mun sinna þjónustunni. Hann hefur starfað innan sálfræðinnar frá 2006 og hlaut starfsréttindi sálfræðings árið 2009. Hannes var um sex ára skeið stundakennari við sálfræðideild Háskóla Íslands samhliða rannsóknum og starfi á stofu. Í tæp tvö ár starfaði hann hjá sálfræðistofunni Líf og sál í Reykjavík. Áður en hann snéri sér að sálfræðinni starfaði hann sem sóknar-



Hannes Björnsson, sálfræðingur við Austurveg 65 þar sem sálfræðistofan er til húsa.

prestur um tólf ára skeið, á Vestfjörðum frá 1992 til 2001 og sem prestur Íslendinga í Noregi í þrjú ár.

Hannes Björnsson hefur yfirgripsmikla reynslu af því að vinna með fólki í erfiðum aðstæðum. Auk hefðbundinna starfa klínískra sálfræðinga, svo sem að vinna með kvíða, depurð, áföll og sorg, hefur hann starfað mikið við

greiningu og meðferð á ADHD fullorðinna. Sálfræðistofan Greining og meðferð ehf. starfar einnig á sviði vinnusálfræði. Þar er mikil reynsla af vinnustaðaaúttektum og eineltisrannsóknum. Stofan leggur metnað sinn í að vinna slík verkefni eins hratt og hægt er og að skila af sér hlutlausri rökstuddri niðurstöðu sem fyrst.

Ingunn Jensdóttir sýnir á Mika

Ingunn Jensdóttir sýnir um þessar mundir silki- og vatnslitamyndir, akrýl- og olíumálverk á hinum vinsæla veitingastað Mika í Reykholti í Biskupstungum. Sýningin opnaði 15. ágúst sl. og hefur verið gerður góður rómur að henni. Sýningarlok eru óákveðin.

Ingunn er Sunnlendingum að góðu kunn; hún sýndi oft um páskana í Eden og hefur haldið fjölda sýninga um allt Suðurland. Hún hefur einnig starfað sem leikari og leikstjóri. Sýningin er opin á sama tíma og veitingastaðurinn. Nú er um að gera að drífa sig í bíltúr og njóta menningar og listar, því sýningum fer fækkandi, og ef til vill fá sér kaffi og kruðerí.

Sjá einnig: art.ingunnjens.com.

-km/h

Ingunn Jensdóttir með eitt verka sinna.



Ljósritun - Gormun

Vítamíndagar í Lyfjum & heilsu

20–30% afsláttur
af öllum vítamínum
til 7. október

Lyf & heilsa
Selfossi

www.lyfogheilsa.is

 **Lyf & heilsa**
Við hlustum!

Uppbygging Kirkjuhvols stærsta verkefnið

Í byrjun september var haldin heilsuvika í Rangárþingi eystra og var það jafnframt í fjórða skipti sem sveitarfélagið heldur slíka viku. Viðtökurnar hafa alltaf verið góðar en segja má að Rangæingar séu brautryðjendur á þessu sviði. Mörg verkefni eru í gangi hjá sveitarfélaginu og ýmislegt spennandi í vinnslu eða farvatninu. Ísólfr Gylfi Pálmason, sveitarstjóri, gaf sér tíma einn daginn fyrir skemmstu og spjallaði við ritstjóra Dagskrárinnar um helstu verkefni sveitarfélagsins.

Erum alltaf að bæta aðstöðu til íþróttaiðkunar

Ísólfr Gylfi sagði að á síðasta ári hefði sveitarfélagið lokið við uppbyggingu á búningsherbergjum, líkamsræktarsal, útklefum, gufubaði og þess háttar við íþróttamiðstöðina. Núna væri verið að setja gúmmimottur fyrir utan miðstöðina. „Við erum í raun alltaf að bæta aðstöðu til íþróttaiðkunar.“

Heilsuvikan komin til að vera

„Í byrjun september vorum við með svokallaða heilsuviku í beinu framhaldi af Kjötsúpuhátiðinni. Þetta er í fjórða skipti sem við höldum heilsuviku. Við erum fyrsta sveitarfélagið á Íslandi sem gerum þetta. Við buðum upp á ýmsa fyrirlestra. T.d. var Edda Björgvinsdóttir með fyrirlestur um heilsu og samskipti fólks. Fólk hafði gríðarlega gaman af þessu. Um leið og þetta var skemmtilegt var þetta líka mjög fróðlegt og risti miklu dýpra en margir gætu ímyndað sér. Marta Ernstdóttir var einnig með fyrirlestur og praktískar leiðbeiningar um hlaup og þess háttar. Þetta fellur í góðan jarðveg. Heilsuvikan er hefð sem er komin til að vera,“ sagði Ísólfr Gylfi. Hann bætti við að Lýsi ehf. hefði alltaf gefið lýsi í tilefni heilsuvikunnar og MS hefði gefið heilsudrykki.

Treystum á heilbrigðisráðherra og þingmenn kjördæmisins

Á síðasta ári var gerð ný gata sem heitir Sólbakki og er hún samhliða Hlíðarvegi og Dalsbakka. Þar er fyrirtækið Húskarlar ehf. að byggja fimm nýjar íbúðir. Íbúðirnar eru skammt frá hjúkrunar- og dvalarheimilinu Kirkjuhvoli. Ísólfr Gylfi sagði að hugsunin á bak við þessar íbúðir væri að í framtíðinni gætu þeir sem þarna búa nýtt sér þjónustu frá Kirkjuhvoli.

„Við eigum umsókn hjá Framkvæmdastjóði aldraðra um áframhaldandi uppbyggingu á Kirkjuhvoli. Við auðvitað vonumst til þess að fá styrk frá ríkinu því að við getum ekki farið í þessar framkvæmdir nema að fá styrkinn. Þá mun öll aðstaða á Kirkjuhvoli batna. Þetta er eiginlega lang stærsta verkefni þessa kjörtímabils. Ég vil undirstrika að við getum ekki farið í þessar framkvæmdir fyrr en við erum búnin að fá grænt ljós frá Framkvæmdastjóði aldraðra. Þarna treystum við mjög á heilbrigðisráðherrann og þingmenn kjördæmisins að hjálpa okkur í þessu sambandi,“ sagði Ísólfr Gylfi.



Ísólfr Gylfi Pálmason, sveitarstjóri Rangárþings eystra.

Spennandi eldfjallaverkefni

Ísólfr Gylfi sagði að mörg spennandi verkefni væru í gangi hjá sveitarfélaginu, en nefndi sérstaklega verkefni sem heitir Eldfjallamiðstöð. „Það verkefni er bara í góðum gangi. Við höfum verið að breyta deiliskipulagi með tilliti til þessa. Þar er annars vegar um að ræða að menn gera út á eldgosin, en þar sem þetta verður staðsett sjá menn helstu eldstöðvar hér í kringum okkur. Í framtíðinni er

Unnið að deiliskipulagi á ferðamannastöðum

Ísólfr Gylfi sagði að það væri gríðarlegur túrismi á svæðinu og að það kallaði á breytingar og úrbætur á ferðamannastöðum. „Á síðasta kjörtímabili unnum við að nýju deiliskipulagi við Skóga, en það hafði tekið um 20 ár að búa það til. Núna eru hugmyndir um breytingar á því skipulagi og við erum að vinna að því. Það er gert m.a. með

að í nútímaþjóðfélagi yrðu menn að vera vel tölvutengdir. „Þetta er auðvitað verkefni sem við vildum gjarnan reyna að hrinda í framkvæmd strax á næsta ári. Það er mikið rætt um ljósleiðara sem er auðvitað besta leiðin sem hugsast getur, en er gríðarlega dýrt. Þetta er í rauninni á borði ríkisins með Fjarskiptasjóð og allt þetta en við sjáum ekki fyrir okkur að það verði mikill hraði á þessum framkvæmdum. Fyrirtæki eins og TRS og 365 eru að þróa fjarskiptabúnað, en við erum akkúrat í augnablikinu að gera tilraunir með svona búnað, annars vegar frá 365 í einu hóteli sem er ekki langt frá okkur þ.e.a.s. Hótel Fljótshlíð í Smárartúni og hins vegar á Merkurbæjunum, Rauðuskriðum og þar í kring. Það bendir allt til að þetta gæti verið lausn í augnablikinu sem kostar ekki mjög mikla peninga og aðeins brot af því sem ljósleiðari myndi kosta. Þetta er auðvitað afar brýnt. Þetta kostar einhverja peninga en við höfum mikinn áhuga fyrir því að gera þetta,“ sagði Ísólfr Gylfi.

Yfirráðaréttur yfir miðbænum á Hvolsvelli

Á síðasta ári keypti sveitarfélagið húsnaðið að Austurvegi 4, þ.e. eru gömlu kaupfélagshúsin, af fyrirtæki sem heitir Reitir og náði þannig yfirráðum yfir miðbænum á Hvolsvelli. Alls er þetta um tveir og hálfur hektari.

„Á þessu kjörtímabili ætlum við að flytja skrifstofur sveitarfélagsins, skipulagsfulltrúa og fleiri inn í þetta hús. Það



Hjúkrunar- og dvalarheimilið Kirkjuhvoli á Hvolsvelli.

jafnvel gert ráð fyrir hótélbyggingu þarna en í fyrri áfanganum er fyrst og fremst verið að tala um veitingasölu, upplýsingamiðstöðvar og það sem lýtur að eldstöðvum, jarðvísindum og þess háttar. Þarna eru einstaklingar á ferð sem eru með fagfólk með sér. Ásbjörn Björgvinsson sem startaði m.a. hvalasafninu á Húsavík er framkvæmdastjóri þessa verkefnis og Sigríður Sigurþórsdóttir sem teiknaði mannvirkin í Bláa lónið teiknar. Þetta er heilmikið verkefni og býsna spennandi. Það er ekki búið að taka fyrstu skóflustungu en það er verið að teikna og spá og spekulera. Þetta er á svæði vestan við Verslunina Björg. Á næsta ári fara raflínurnar sem þar eru í jörð og þar verður byggt tengimannvirki þannig að aðkoman að bænum verður miklu fallægri en hún er í dag,“ sagði Ísólfr Gylfi.

tilliti til þess hve mikil aðsókn er að Skógafossi. Það þarf að búa til ný bílastæði og þess háttar og til þess að það sé hægt verður að breyta deiliskipulaginu. Við erum líka að vinna að deiliskipulagi við Seljalandsfoss og Hamragarða með tilliti til mikils ferðamannastraums. Við erum líka að gera þetta í Þórmörk. Á þessum stöðum höfum við líka verið að bæta aðgengi og fengið til þess styrki frá Framkvæmdastjóði ferðamála. Fyrir það erum við auðvitað þakklát,“ sagði Ísólfr Gylfi.

Mikið rætt um ljósleiðara og fjarskipti

Miklar vangaveltur hafa verið um fjarskipti í Rangárþingi eystra eins og reyndar víða í dreifbýlinu þar sem ástandið er ekki gott. Ísólfr Gylfi sagði

eru líka vangaveltur um verslunarrekstur þarna. Við erum alltaf að berjast fyrir því að fá lágvöruverðsverslun hingað. Það gengur auðvitað ekki nógu hratt en núna eru uppi hugmyndir m.a. um viðbyggingu við þetta hús o.fl. Það mun koma í ljós á næstu misserum hvernig þau mál þróast. Það er gríðarlegur túrismi hérna og menn sjá hvað Hvolsvöllur er vel í sveit settur, miðsvæðis og það sést á veitingahúsunum hérna og N1. Það kostar okkur heilmikið að taka þessi hús í gegn en það skiptir meginmáli að ná yfirráðarétti yfir þessari stóru lóð“ sagði Ísólfr Gylfi.

Viðtal/ljósmyndir: Örn Guðnason

Haustlaukar
túlípanar 50 stk.
999

Black&Decker
rafmagnsverkfæri
30%
afsláttur

ÚTSÖLUNNI LÝKUR UM HELGINA!

BLÖNDUNARTÆKI
20-25%
AFSLÁTTUR!

BLÖNDUNARTÆKI
7.995 kr
~~9.995~~

Blöndunartæki Damixa
Handlaugartæki með lyftitappa
8000800

damixa

ÁLTRÖPPUR
20%
AFSLÁTTUR!

ÁLTRAPPA 3 PREP
3.996 kr
~~4.995~~

Áltrappa 3 þrep
Jumbo, 150 kg
5078885

ÚTIVISTAR
FATNAÐUR
30-70%
AFSLÁTTUR!

Erikur
veljið sjálf 3 stk.
1.299

FLÍSAR
25%
AFSLÁTTUR!

VEGGFLÍS
1.680 kr/m²
~~2.240~~

Veggflís hvít
20x20 cm
8600000

INNIMÁLNING
& LÖKK
20%
AFSLÁTTUR!

SMÁRAFTÆKI
20%
AFSLÁTTUR!

BÚSÁHÖLD
30-70%
AFSLÁTTUR!

HNÍFAPÖR 24 STK.
4.495 kr
~~8.990~~

Hnífapör Aida
24 stk.
2201164

AÐEINS BROT AF ÚRVALINU!

blómaval



HÚSASMÍÐJAN
HLUTI AF BYGMA

*Afsláttur gildir eingöngu af útsöluvörum.
Gildir ekki af vörum merktum „Lægsta lága verð Húsasmiðjunnar“.
Vöruúrval getur verið misjafnt milli verslana

ALLT FRÁ GRUNNI AÐ GÓÐU HEIMILI
SÍÐAN 1956

ALMAR BAKARI

Vantar þig vinnu?

Það er laus staða hjá okkur í Hveragerði.
Um er að ræða afgreiðslustarf í
stækkandi og metnaðarfullu bakaríi.
Unnið er vaktir 2-2-3. Hafið samband við
Helgu í síma 483 1919.



Jeppaferð með Suðurlandsdeild f4x4

Suðurlandsdeild ferðaklúbbs-
ins 4x4 er þessa dagana að
hefja vetrarstarf sitt. Haldnir eru
fundir fyrsta þriðjudagskvöld
hvers mánaðar. Á fundina eru
fengnir fyrirlesarar sem tengjast
jeppamennsku, jeppabreyting-
um og ferðalögum, t.d.
veðurfræðingar, jöklafræðingar
og ýmsir aðrir sem hafa eitthvað
fróðlegt í sarpinum.

Laugardaginn 27. september
nk. ætla Suðurlandsdeildin að
standa fyrir jeppaferð fyrir
jeppaeigendur. Allir eru vel-
komnir með á sínum jeppa,
hvort sem hann er óbreyttur eða
breyttur. Lagt verður af stað kl.
9:00 frá Olís Arnbergi á Selfossi
og komið til baka síðdegis sama
dag. Keyrt verður til fjalla,
líklega farin skemmtileg
hringleið um fjallabakssvæðið.
Þessi ferð er án endurgjalds og

allir ferðast á eigin ábyrgð.
Fararstjórar verða reyndir
jeppamenn á öflugum bílum og
geta vonandi kennt óreyndum
eitt og annað um jeppamennsku
og ferðalög.

Þetta er upplagt tækifæri
fyrir jeppaeigendur til að bjóða
fjölskyldunni í skemmtilega
jeppaferð. Allir hafi með sér
nesti og hlýjan útivistarfatnað.
Brýnt er fyrir þátttakendum að
akstur utan vega er ólöglegur og
ferðast skal í sátt við náttúruna.

Vonast er til að þetta veki
áhuga jeppaeigenda og að sem
flestar komi með í ferðina. Þeir
sem ætla að koma með eru
beðnir að senda tölvupóst fyrir
26. september á f4x4sudur@
gmail.com og gefa upp nafn og
bílagund og fjölda þátttakenda
eða finna f4x4 Suðurlandsdeild
á facebook og skrá sig þar.

Sverrir og bílarnir

Sverrir Andrússon bílasali
sem stofnaði Bílasölu
Selfoss fyrir 50 árum, hefur
verið mikill áhrifavaldur í þróun
bílamenningar á Suðurlandi.
Með sölu bæði gamla og nýrra
bíla hefur Sverrir stuðlað að
almennum bílaáhuga margra
Sunnlendinga. Þá hefur hann
með einstakri lagni og
nákvæmni endurbyggt marga
gamla bíla og dráttarvélar.
Sjálfsagt hefur áhugi hans m.a.
haft þau áhrif að einn öflugasti
fornbílaklúbbur á landinu er
starfandi á Suðurlandi.

Af því tilefni hefur verið sett
upp í Miðgarði sýning á
myndum af bílum sem ber heitið
Bílar í Árnassýslu í 100 ár.
Sverrir hefur sjálfur tekið eða
safnað myndunum sem eru til
sýnis. Um er að ræða bíla í hans
eigu og annarra. Á myndunum



Sverrir Andrússon við nokkrar myndanna á sýningunni Bílar í Árnassýslu í 100 ár sem er í Miðgarði á Selfossi.

er að finna ýmsar upplýsingar
um bílana og eigendur þeirra.
Sýningin verður opin á
afgreiðslutíma fyrirtækja í
Miðgarði á Selfossi.

Raufarhafnarferðin á „Hrútaginn mikla“

Um þessar mundir er Hrúta-
vinafélagið Örvur á
Suðurlandi fimmtán ára gamalt.
Félagið var stofnað um einn
glæsilegan hrút að Tóftum í
Stokkseyrarhreppi hinum forna
á Skeiðaréttadaginn. Er það
skipað hinum vöskustu konum
og körlum og hefur víða komið
að framfaramálum lands og
þjóðar. Hinar fornu verstöðvar á
Eyrarbakka og Stokkseyri hafa
risið til nýrrar menningar og
áhrifa undir merkjum félagsins.

Félagið eignaðist fyrir
nokkrum árum uppstoppaðan
forystusauð til varðveislu sem
Gorbi heitir í höfuðið á
Gorbachev forseta Sovétríkja-
anna sem var einn mesti
friðarleiðtogi heimsins og átti
fund á Íslandi í Höfða með
Ronald Reagan forseta Banda-
ríkjanna, og í framhaldinu féll
járntrjaldið. Í tilefni af afmælinu
hefur félagið ákveðið að færa
safninu um Íslensku forystu-
kindina á Svalbarði í Þistilfirði
Gorba til varðveislu og eilífðar
frægðar um nafn hans og afrek.
Bróðir Gorba, Jeltsín, brann
inni í Eden í Hveragerði en þar
hafði hann tekið á móti
milljónum manna, ódrukkinn.

Ferðin norður er öllu góðu
og göldróttu fólki opin og frjáls
en langferðabíll frá Allra handa
verður lestin sem brunar norður
með Gorba og fylgdarlið. Lagt
verður upp frá Eyrarbakka að



Fv.: Guðni Ágústsson, Bjarkar Snorrason frá Tóftum, Sævar Jónsson í Brautartungu og forystusauðurinn Gorbi.

morgni fimmtudagsins 2. októ-
ber nk. Er ætlað að koma við í
Höfða í Reykjavík og hitta þar
höfðingja, bæði innlenda og
erlenda. Haldið verður síðan
norður með viðkomu á höfuð-
stöðum landsbyggðarinnar í
Borgarnesi, Blönduósi, Sauðár-
króki, Akureyri og Húsavík.

Blásið verður til héraðs-
hátíða og rætt um vitsmuni
forystukindarinnar og Hrúta-
dagurinn mikli á Raufarhöfn
kynntur en hann verður haldinn
laugardaginn 4. október með
hrútasýningum, sauðfjárdóm-
um, gamanmálum og kvæða-
mannakvöldi. Öll dagskrá í
ferðalaginu norður, verður
auglýst nánar síðar.

Allir þeir sem vilja vera með

í ferðinni sjálfum sér og öðrum
til skemmtunar eru velkomnir
en verða að tilkynna nafn sitt til
forseta félagsins, Björns Inga
Bjarnasonar (bibari@simnet.is,
s. 897 0542). Eina sem
ferðafélagar þurfa að taka með
sér er sæng og koddur eða
svefnpoki og góða skapið.

Gjört á heilögum Eyrarbakka
9. september 2014.

Björn Ingi Bjarnason, forseti
Hrútavinafélagsins.
Guðni Ágústsson, fyrrverandi
landbúnaðarráðgjafi og
heildursforseti
Hrútavinafélagsins.

Nemendur ML

Vignir Þór Sigurjónsson frá
Hvolsvelli er á 3. ári á náttúrufræðabraut
ML.

**Hvernig er að vera byrjaður í
skólanum?** Mér finnst það fint. Gaman
að hitta alla aftur og komast aðeins frá
vinnunni.

Hvernig er félagslífið í ML? Mér finnst
það alveg frábært. Hér kynnast allir
öllum og maður eignast vini til langtíðar.

**Hvað ætla þú að gera þegar þú ert
búinn með skólann?** Ég hef ekki
hugmynd. Það er bara allt svart sko.



Vignir Þór Sigurjónsson
frá Hvolsvelli er á 3. ári í
ML.

Erna Sól Ólafsdóttir frá
Patreksfirði er á 2. ári á
náttúrufræðabraut í ML.

**Hvernig er að vera byrjuð í
skólanum?** Það er bara mjög gaman,
hitta alla aftur og svoleiðis.

Hvernig er félagslífið í ML? Það er
rosa skemmtilegt. Það eru oft böll og
svo eru líka kaffihúsakvöld. Svo býr
maður alltaf með krökkunum þannig að
maður er alltaf í stanslausu félagslífi í
rauninni.

Hvað gerir þú fyrir utan skólann? Ég
er að æfa körfu.

Hvað ætla þú að gera þegar þú ert búin með skólann? Ég er
ekki búin að ákveða mig í sambandi við vinnu eða nám, en ég
veit að ég ætla að ferðast eitthvað.



Erna Sól Ólafsdóttir frá
Patreksfirði er á 2. ári í
ML.



Kartöflugeymslan Ártúni, Selfossi

Tekið verður á móti
grænmeti í geymsluna:

Laugardaginn 20. septem-
ber kl. 10-12 og 13-15.

Laugardaginn 27. septem-
ber kl. 10-12 og 13-15.

Laugardaginn 4. október kl.
13-15.

Þeir sem hafa lykil að
geymslunni en ætla ekki að
nota hana eru beðnir að skila
honum á sama tíma.

Gjaldið verður kr. 1.500
fyrir básinn. Stjórnin.





Karl úrsmiður
Selfossi **50**
Í takt við tímann í hálfa öld 1964-2014



1 Hér hófst starfsemið 1964
2 Hingað færðum við okkur 1967

Austurvegi 11 - Selfossi - S. 482 1433 - www.kallur.is - netfang: kallur@kallur.is

Þökkum frábærar móttökur og hlýjar kveðjur á 50 ára afmælisdegi fyrirtækisins.

Starfsfólk Karls R. Guðmundssonar Selfossi.



Bridsfélag Selfoss

69. aðalfundur Bridsfélags Selfoss verður haldinn í Selinu við íþróttavöllinn, föstudagskvöldið 26. september 2014 kl. 20:00.

Dagskrá:

Venjuleg aðalfundarstörf.
Önnur mál

Allir bridsá hugamenn velkomnir.

Stjórnin.

Til sveitarstjórna og íbúa í Bláskógabyggð, Grímsnes- og Grafningshreppi, Hrunamannahreppi og Skeiða- og Gnúpverjahreppi:

Dvalar- og hjúkrunarheimili í uppsveitum Árnessýslu

Ívor og vetur sem leið sendu Ínokkur félög, sem láta sig vel ferðarmál skipta, frá sér ályktanir um dvalar- og hjúkrunarheimili í uppsveitum Árnessýslu. Þetta voru meðal annars kvenfélög á svæðinu og Lionsklúbburinn Geysir og ef til vill fleiri. Ég vil, sem fráfaraandi formaður Lionsklúbbsins Geysis, fylgja þessu eftir og hvetja nýkjörnar sveitarstjórnir og íbúana til að taka erindi félaganna til yfirvegunar og afgreiðslu, sem fyrst.

Sveitarstjórnirnar þurfa að kanna hug íbúanna til málsins og gera sér grein fyrir þörf og rekstrargrundvelli slíkrar stofnunar. Íbúarnir, jafnt yngri sem eldri, þurfa að skoða hug sinn og vera viðbúinir að láta í ljós hvernig þeir vilja sjá framvindu þessa mála-

Örn Erlendsson

Lindatungu,
Bláskógabyggð.



flokks á næstu árum og áratugum. Ég sendi oddvitum sveitarstjórna í Bláskógabyggð, Grímsnes- og Grafningshreppi, Hrunamannahreppi og Skeiða- og Gnúpverjahreppi þetta bréf og vænti þess að þeir taki málið upp, hver í sinni sveitarstjórn og sameiginlega. Ég sendi íbúum sveitarfélaganna það líka, í gegnum héraðsfréttablaðið og vona að þeir allir taki erindið til sín og íhugi það alvarlega.

Á höfuðdag 2014.

Heima er best





25% afsláttur
Goða frosið lambalæri
1198 kr. kg
verð áður 1598



20% afsláttur
Goða frosið súpukjöt
798 kr. kg
verð áður 998



22% afsláttur
Búrfells brauðskinka, 250 g
349 kr. pk.
verð áður 449.



Dala fetaostur í kryddolíu, 150 g
269 kr. pk.



2 í pk. **16% afsláttur**
Frönsk baguette m/hvítlaug, 2 í pk.
249 kr. pk.
verð áður 299.



Hleðsla íþróttadrykkur m/súkkulaði, 330 ml
209 kr. stk.



20% afsláttur
Íslenskt hvítkál
238 kr. kg
verð áður 298.



25% meira magn
Myllu pizzasnúðar
359 kr. pk.



Nýtt!
Te&kaffi, America Rainforest, malað eða baunir, 400 g
1198 kr. pk.



Aktív próteinbítar m/engifer, 100 g
389 kr. pk.



Badia Chia Seed, 624 g
1998 kr. pk.



25% afsláttur
Coke zero, 2 lítrar
259 kr. stk.
verð áður 349.



3 kg
Pedigree þurrmat, kjúklingur og grænmeti eða nautakjöt og grænmeti
1749 kr. pk.



Einn pakki af Dentastix fylgir með einum 3 kg poka af Pedigree

Sjá opnunartíma á www.kjarval.is
Klaustur // Vík // Hvolsvöllur // Hella // Þorlákshöfn // Vestmannaeyjar



Frá skáknámskeiðinu í Fischer-setrinu á Selfossi síðastliðið haust.

Skákkennsla grunnskólabarna

Fischer-setrið á Selfossi mun í vetur í samstarfi við Sveitarfélagið Árborg og Skákskóla Íslands standa fyrir skákkennslu fyrir grunnskólabörn í Fischer-setrinu á laugardögum frá kl. 11.00-12.30. Yfirumsjón með kennslunni hefur Helgi Ólafsson, stórmeistari og skólustjóri Skákskóla Íslands. Alls verða þetta 10 laugardagar og fyrsti tími verður laugardaginn 20. september nk.

Þeir sem hafa áhuga á skákkennslunni eru beðnir um að mæta u.þ.b. 30 mínútum áður en fyrsta æfing hefst til að ganga frá skráningu og greiðslu nemendagjalds sem er kr. 4.500. Frekari uppl. í síma 894 1275 á netf. fischeretur@gmail.com

Fischer-setrið á Selfossi.

Syngdu mig heim

Söngskemmtun í tilefni
aldarafmælis Jóns frá Ljárskógum

Félagsheimilinu Árnesi
föstudaginn 19. sept. kl. 20:30

Eyrarbakka kirkju
mánudaginn 22. sept kl. 20:00

Einvala lið tónlistarmanna flytur mörg þekktustu söngljóð skáldsins, þar á meðal nokkur sem M.A.-kvartettinn gerði fræg á sínum tíma

Einsöngslög, dúettar, kvartett og kór ásamt stiklum úr lífi þessa merka listamanns

Fjölbreytt dagskrá þar sem sönggleðin ræður ríkjum

Aðgangseyrir kr. 2.000

Enginn posi – Allir velkomnir

TUNGNA RÉTTIR

Fjöldmenni var í Tungnaréttum sl. laugardag. Dagur Brynjólfsson var með myndavélina á lofti og fangaði stemninguna.



Fréttamolar frá Íþróttafélaginu Suðra



Lyftingahópurinn á Íslandsmótnu á Akureyri í vor.



Svanur Ingvarsson og Þórdís Bjarnadóttir, formaður Suðra, með boccia stólana.



Birgir Örn og Valdis Hrönn, Special Olympics-farar.



keppir í frjálsum íþróttum. Þetta er frábært tækifæri fyrir þetta duglega íþróttafólk en á Special Olympics fá allir þátttakendur viðurkenningar og ekki er þess krafist að keppendur séu afreks-íþróttafólk.

Suðri á Facebook

Að lokum viljum við minna á facebook-síðu félagsins en þar koma ýmsar fréttir og myndir af starfinu. Við tökum vel á móti öllum þeim sem vilja æfa og starfa með þessu frábæra fólki. Möguleikarnir eru miklir og tækifærin á erlendri grundu eru mjög spennandi. Allir sem hafa áhuga á að gerast þjálfarar hjá okkur eru hvattir til að hafa samband. Facebook-síðan: Íþróttafélag Suðri. Vefsíðan: www.sudri.is.

Æfingar í vetur

Bocciaæfingar fara fram í íþróttahúsinu lðu á þriðjudögum kl. 17:00-18:40. Þjálfarar eru Ófeigur Ágúst Leifsson, Þórdís Bjarnadóttir, Jósef Geir Guðmundsson og Erna Ríkarðsdóttir. Sundæfingar fara fram í Sundhöll Selfoss á þriðjudögum kl. 18:30-19:30 í útilauginni og á miðvikudögum kl. 16:30-17:15. Þjálfari er Sigurlín Garðarsdóttir. Við bjóðum nýja félaga velkomna með okkur á æfingar í vetur.

Stjórn og þjálfarar Suðra.

Aðalfundur Suðra var haldinn þann 25. mars sl. Vel var mætt og boðið upp á léttar veitingar. Fundarstjóri var Svanur Ingvarsson. Í stjórnina voru endurkjörnar: Þórdís Bjarnadóttir formaður, Harpa Dís Harðardóttir, gjaldkeri, og Sigrún Elfa Reynisdóttir og María Sigurjónsdóttir, meðstjórnendur. Guðrún Linda Björgvinsdóttir gaf ekki kost á sér til áframhaldandi stjórnarsetu og í hennar stað var kjörin Katrín Yr Friðgeirsdóttir, ritari.

Á fundinum færði okkar kæri vinur Svanur Ingvarsson félaginu boccia stólar. Frábærir stólar sem munu koma að góðum notum á æfingum og í keppni. Við þökkum Svani innilega fyrir þessa frábæru gjöf.

Guðrún Hulda Sigurjónsdóttir var kjörin íþróttakona Suðra þriðja árið í röð. Afreksbikarinn var afhentur í síðasta sinn því á næsta ári verður í fyrsta sinn veittur bikar fyrir íþróttakar og íþróttakonu ársins. Hulda var einnig kjörin íþróttamaður fatl-

aðra hjá HSK árið 2013 og á þingi sambandsins fékk hún afhendan viðurkenningarskjöld frá HSK. Þessi afrekskona hefur sett mörg Íslandsmet síðustu ár og margbætt sig í öllum sínum greinum. Hún æfir af miklu kappi, er góð fyrirmynd allra í Suðra og erum við mjög stolt af henni. Stjórn Suðra ákvað því að styrkja þessa flottu íþróttakonu um 100.000 krónur sem hún getur notað til keppnis- og/edá æfingaferða eða til kaupa á íþróttavörum.

Vinamót Suðra og Gnýs

Þann 30. mars sl. var haldið árlegt vinamót Suðra og Gnýs. Nú var komið að okkur í Suðra að bjóða vinum okkar heim. Vel var mætt og var þema mótsins Fjöll á Suðurlandi. Af því tilefni báru liðin heiti nokkurra fjalla. Á mótnu kepptu 15 lið sem voru blönduð iðkendum frá báðum félögum. Mótið tókst afskaplega vel og að því loknu var farið út í Tíbra og snæddar pizzur í boði

Suðra, horft á myndasýningu frá skemmtinefndinni og hlustað á tónlist. Svo endaði flottur dagur á því að nokkrir Suðralingar skelltu sér í sund í blíðunni.

Íslandsmót/Hængsmót

Helgina 11.-13. apríl sl. var farið í árlega keppnisferð norður á Akureyri. Að þessu sinni var Íslandsmóti og Hængsmóti slegið saman. Keppendur stóðu sig vel í boccia og komust nokkrir í undanúrslit.

Íslandsmót í lyftingum fatlaðra fór einnig fram á Akureyri á sama tíma. Suðri átti þar 6 keppendur og var félagið stigahæsta lið mótsins. Guðrún Hulda setti nokkur Íslandsmet og bætingarnar hjá hinum öllum voru gífurlegar.

Ferðin norður gekk mjög vel og viljum við í stjórn Suðra þakka öllum þeim sem studdu við bakið á okkur með einum eða öðrum hætti. Öllum sjálfbodaðliðum þökkum við mikið vel fyrir aðstoðina sem og fyrirtækjum

sem styrktu okkur vegna ferðarinnar, Rangarþingi eystra fyrir góðan peningastyrk og öllum þeim sem keyptu af okkur kókur í fjáröfluninni.

Sumarið

Fótboltaæfingar fóru fram við Vallaskóla. Þjálfari er Katrín Yr Friðgeirsdóttir fótboltakona. Hún auglýsir allar æfingarnar á facebook-síðu Suðra og þar er hægt að komast á póstlistann hjá félaginu. Æfingar verða eitthvað áfram í september.

Golfæfingar fóru fram á Svarfólsvelli einu sinni í viku í júní og júlí og var þjálfari Gylfi Sigurjónsson.

Special Olympics

Tveir félagar í Suðra voru valdir til að taka þátt í Evrópu-leikum Special Olympics sem fram fara í Antwerpen í Belgíu 13.-21. september 2014. Þetta eru þau Birgir Örn Viðarsson sem mun keppta í boccia og Valdis Hrönn Jónsdóttir sem



Vörubílstjórafélagið Mjöltnir á Selfossi vinnur nú að því að rita bók um sögu félagsins, sem var stofnað árið 1941.

Ef þú varst einhvern tíma félagsmaður í Mjöltni eða tengist félaginu á einhvern hátt, átt ljósmyndir af vörubílum eða annað efni tengt sögu félagsins, þá biðjum við þig að hafa samband við okkur.

Við óskum einnig eftir skemmtilegum minningum og frásögnum sem tengjast félaginu.

Við skorum á alla félagsmenn fyrir og nú að hafa samband og leggja sitt af mörkum til að bókinn verði sem veglegust.

Öllu efni má skila inn á skrifstofu Vörubílstjórafélagsins Mjöltnis, Hrísmýri 1, Selfossi, eða hafa samband við Róbert í síma 482 1526.



ALLT AÐ
20%
AFSLÁTTUR
AF AUKAHLUTUM!

Tilboðið gildir út september 2014

CATEYE
afturljós
2.952
~~3.690~~

CATEYE
framljós
6.392
~~7.990~~

hjóllum saman!

Fimmtudaginn **18. september kl. 18:00**

ætlum við taka einn léttan, góðan hjólatúr um Selfoss.

Eftir það bjóðum við ykkur í rjúkandi súpu og gott br auð með!

allir velkomnir!

Lagt verður af stað frá verslun Jötuns að Austurvegi 69, Selfossi.

Jötunn
VÉLAR · VERSLUN · VARAHLUTIR

Austurvegur 69 - 800 Selfoss | Lónsbakki - 601 Akureyri | 700 - Egilsstaðir
Sími 480 0400 | jotunn@jotunn.is | www.jotunn.is



Leikskólinn Krakkaborg, Flóahreppi Deildarstjóri - Leikskólakennari

Leikskólinn Krakkaborg auglýsir eftir leikskólakennurum til framtíðarstarfa. Um er að ræða stöðu deildarstjóra og leikskólakennarastöðu.

Leikskólinn er 3ja deilda, fyrir börn á aldrinum 9 mánaða til 6 ára. Leikskólinn er staðsettur tímabundið í húsnæði Flóaskóla á Villingaholti en flytur í nýtt og stærra húsnæði í Þingborg um áramót.

Leikskólinn Krakkaborg starfar eftir hugmyndafræði John Dewey. Einnig er lögð áhersla á útinám og gott samstarf milli skólastiga.

Óskað er eftir jákvæðum, skapandi og metnaðarfullum einstaklingum með góða hæfni í mannlegum samskiptum. Viðkomandi þarf að vera tilbúinn til að taka þátt í að vinna að uppeldi og menntun barna á leikskólaaldri í nánun samstarfi við stjórnendur.

Ef ekki fæst fagfólk til starfa munu leiðbeinendur verða ráðnir í stöðurnar tímabundið.

Umsóknarfrestur er til 30. september 2014.

Hægt er að sækja um á heimasíðu leikskólans www.leikskolinn.is/krakkaborg undir flípanum Um leikskólann – starfsumsóknir.

Nánari upplýsingar um starfið veitir Jóna Björg Jónsdóttir, skólastjóri, s: 482 3085, jonabjorg@floahreppur.is



Íþróttir



FIMLEIKAR - FÓTBOLTI - FRJÁLSAR - HANDBOLTI - JÚDÓ - MÓTOKROSS - SUND - TAEKWONDO

Þjálfararáðstefna Árborgar 2014 Gleði - Styrkur - Afrek

Þjálfararáðstefna Árborgar verður haldin í Sunnulaekjarskóla á Selfossi 26. og 27. september. Ráðstefnan hefst kl. 17 á föstudag og lýkur kl. 13 á laugardag. Þema ráðstefnunnar er gleði, styrkur og afrek.

Dagskráin á föstudeginum er miðuð að þjálfurum úr Sveitarfélaginu Árborg þar sem skoðaðir verða samstarfsmöguleikar við stofnanir og aðra aðila sem

vinna með börnum og unglingum í sveitarfélaginu og hvernig er hægt að vinna markvisst saman með hag unga fólksins að leiðarljósi. Ingi Þór Einarsson kennari við HÍ og Reynar Kári Bjarnason frá Lifi og sál flytja erindi og að lokum verður farið í öflugt hópefli.

Á laugardegnum er farið dýpra í þjálfunartengd málefni með erindum frá fjölbreyttum hópi virta fyrirlesara. Þeir sem munu flytja erindi eru: Silja Úlfarsdóttir, einkaþjálfari og afrekskona, Gunnar Magnússon, þjálfari Íslandsmeistara ÍBV og

aðstoðarlandsliðsþjálfari og Margrét Lára Viðarsdóttir, landsliðskona og atvinnumaður.

Á laugardegnum er þjálfurum frá öllum sveitarfélögum á Suðurlandi boðið að taka þátt.

Allir sem koma að þjálfun íþróttá á Suðurlandi eru hvattir til að taka þátt í skemmtilegri og fræðandi ráðstefnu. Nánari uppl. hjá Gissuri í síma 894 5070. Skráning fer fram í netfanginu umfs@umfs.is og lýkur fimmtudaginn 25. september.

Sjá nánari auglýsingu í Dagskrá vikunnar og á heimasíðu UMF Selfoss www.umfs.is.

Tap í seinasta heimaleik sumarsins

Selfyssingar léku sinn seinasta heimaleik í fyrstu deild í sumar sl. laugardag þegar KA-menn komu í heim sókn á JÁVERK-völlinn.

Selfyssingar leiddu í hálfleik með marki Andra Björns Sigurðssonar á 13. mínútu. Í síðari hálfleik opnuðust flóðgáttirnar í vörn heimamanna og norðanmenn komust yfir áður en Ingi Rafn Ingibergsson jafnaði í 2-2 á 77. mínútu. En gestirnir komust yfir mínútu síðar og bættu fjórða markinu við í uppbótartíma.

Fyrir lokaumferð deildarinnar eru Selfyssingar í 9. sæti deildarinnar með 26 stig. Seinasti leikur strákanna er í Grindavík laugard. 20. sept.

Landsliðsæfingar unglunga í júdó

Í vikunni tóku júdókapparnir Egill Blöndal, Grímur Ívarsson og Úlfur Böðvarsson þátt í landsliðsæfingum fyrir Opna sænska mótið í aldursflokkunum U18 (15-17 ára) og U21 (15-20) sem haldið verður 27. september í Stokkhólm.

Að loknum æfingum verður landslið valið úr þeim 20 einstaklingum sem boðaðir voru á æfingarnar.



Á meðfylgjandi mynd er hann í hópi meistaraflokksstúlkna sem voru á æfingu þegar ljósmyndara bar að garði.

Mynd: UMF Selfoss/Olga

Fimleikar:

Frábær viðbót í þjálfarateymi Selfoss

Fimleikadeild Selfoss hefur ráðið til sín danskan þjálfara í fullt starf. Hann heitir Mads Pind Jensen er 21 árs og kemur frá Danmörku. Mads hefur m.a. keppt í powertumbling og hópfimleikum. Hann var meðal annars í karlalandsliði Dana á Evrópumótinu 2012 þegar þeir urðu Evrópumeistarar. Mads hefur þjálfað hópfimleika í Danmörku og kláraði Ollerup fimleikaskólann síðasta vor.

Hann er reynslumikill keppandi og kemur til með að miðla reynslu sinni af mikilli fagmennsku til iðkenda deildarinnar og þá ekki síst til drengjanna sem eru í mikilli sókn og vexti hjá deildinni. Hann kemur að þjálfun sex hópa hjá félaginu og er mikil ánægja meðal iðkenda, þjálfara og stjórnar með að hann sé kominn í okkar raðir.



Stelpurnar hlakka til að hefja keppni í Olísdeildinni.

Mynd: UMF Selfoss/Magnús Matthíasson

Stelpurnar spiluðu við Færeyinga - Olísdeildin hefst á laugardag

Stelpurnar okkar tóku á móti Vági Bóltfélag frá Færeyjum í skemmtilegum æfingaleik í Vallaskóla á föstudag. VB eru deildar-meistarar í Færeyjum og með flott lið sem m.a. skartar tveimur sterkum leikmönnum frá Litháen og góðum serbneskum markmanni. Selfoss er einnig með flott lið og áttu stelpurnar okkar góðan leik sem skilaði sigri 27-24.

Þetta var síðasti leikur undirbúningstímabilsins en Olísdeildin hefst á laugardag. Selfossliðið byggir á sama grunni og síðustu tvö ár en hefur endurheimt Krístrúnu

Steinþórsdóttur heim á Selfoss frá Danmörku. Nokkuð er um meiðsli og munu sterkir leikmenn ekki vera með fyrr en nokkuð verður liðið á mótið. Það verður gaman að fylgjast með stelpunum í Olísdeildinni í vetur.

Stelpurnar okkar sækja Fram heim í fyrsta leik deildarinnar kl. 13:30. Þær taka svo á móti FH í Vallaskóla þriðjudaginn 23. september kl. 19:30.

Hvetjum fólki til að fjölmenna á völinn.



Strákarnir hefja leik á morgun

Handboltavertíðin rúllar formlega af stað á morgun þegar Selfyssingar taka á móti Hömrnunum í 1. deildinni kl. 20:00 í íþróttahúsi Vallaskóla.

Nokkrar breytingar hafa verið á liði Selfoss í sumar þar sem Einar Sverrisson, Ómar Ingi Magnússon og Andri Hrafn Hallsson hafa róið á önnur mið.

Liðið hefur þó ekki bara misst leikmenn, Helgi Hlynsson markmaður snýr aftur úr láni frá

HK, ásamt því að hinn bráðefnilegi markmaður Sölvi Ólafsson er kominn að láni frá Aftureldingu. Síðan má ekki gleyma því að Matthías Örn Halldórsson verður leikfær fljótlega eftir að hafa misst af stærsta hluta tímabilsins í fyrra vegna krossbandaslita.

Liðið hefur verið að styrkjast á undirbúningstímabilinu þar sem ungir strákar, uppaldir á Selfossi, búa að þeirri reynslu sem þeir fengu í fyrra og hafa verið að taka að sér meiri ábyrgð innan liðsins.

Að sögn Gunnars Gunnars-sonar þjálfara liðsins leggst veturinn vel í hann. „Það er mikil breidd í liðinu og samkeppni um hverja einustu stöðu.“ Þá hefur hann fulla trú á að liðið komi til með að berjast í toppi deildarinnar eins og það gerði á seinasta tímabili.

Það er í samræmi við spá forráðamanna, fyrirlíða og þjálfara liðanna í deildinni sem spá liðinu 2. sæti í deildinni og sæti í Olísdeildinni að ári.

Það er spennandi vetur framundan hjá Selfoss.

Selfyssingar skoruðu fyrir bæði landsliðin

Selfyssingar hafa farið mikinn með landsliðum Íslands í knattspyrnu seinustu daga og skoruðu fyrsta markið í öruggum 3-0 sigrum liðanna.

Selfyssingarnir Dagný Brynjarsdóttir og Guðmunda Brynja Óladóttir komu báðar við sögu í sigri íslenska kvennalandsliðsins á Ísrael í undankeppni HM. Dagný skoraði fyrsta mark leiksins eftir einungis 62 sekúndur. Gumma kom inn á sem varamaður tíu mínútum fyrir leikslök. Stelpurnar léku í gær seinasta leiks sinn í riðlinum gegn Serbum.



Dagný stóð sig vel. Mynd: KSÍ



Jón Daði átti góðan leik. Mynd: KSÍ



LEIKSKÓLINN ÁLFABORG

Leikskólinn Álfaborg óskar eftir leikskólakennara, eða starfsmanni með aðra uppeldismenntun eða reynslu sem nýtist til starfa, sem fyrst. Um er að ræða hlutastarf. Starfið hentar körlum jafnt sem konum. Allir starfsmenn sem ráðnir eru við leikskólann Álfaborg þurfa að sýna fram á hreint sakavottorð.

Álfaborg er staðsettur í Reykholti, Bláskógabyggð. Virðing, vellíðan og fagmennska eru einkunnarorð leikskólans sem endurspeglar það starf sem unnið er í Álfaborg.

Nánari upplýsingar veitir Elfa Birkisdóttir
leikskólastjóri
í síma 480 3046 eða á netfangið
elfa@blaskogabyggd.is

Syngdu mig heim

Söngskemmtun í tilefni aldarafmælis Jóns frá Ljárskógum

Á þessu ári eru 100 ár liðin frá fæðingu skáldsins og söngvarans Þjóðkunnna Jóns frá Ljárskógum. Í tilefni þess verður flutt vegleg söngdagskrá í Félagsheimilinu Árnesi í Skeiða- og Gnúpverjahreppi föstudaginn 19. september kl. 20:30 og í Eyrarbakka kirkju mánudaginn 22. september kl. 20:00.

Að tónleikunum stendur einvala lið tónlistarmanna sem flytur mörg þekktustu söngljóð skáldsins, þar á meðal nokkur lög sem M.A.-kvartettinn gerði meðal þekkttra söngljóða hans eru *Sestu hérna hjá mér, Húmar að kveldi, Ó, Súsanna og Blærinn í lauft*, svo aðeins fáeinir textar séu nefndir.

Flytjendur á tónleikunum eru: Unnur Birna Björnsdóttir, Una Dóra Þorbjörnsdóttir, Unnur Helga Möller, Guðmundur Davíðsson, Magnús Pétursson, Reynir Bergmann Pálsson, Björn Bjarnsteinsson og Sigurður Helgi Oddsson. Aðgangseyrir er 2000 kr. en enginn posi verður á staðnum. Allir eru að sjálsögu hjartanlega velkomnir.



Jón frá Ljárskógum.

sinnum víðs vegar um landið og hafa hvarvetna vakið mikla athygli og hlotið einróma lof viðstaddra.

Jón frá Ljárskógum var á sinni tíð einn vinsælasti tónlistarmaður landsins. Kornungur söng hann sig inn í hug og hjörtu þjóðarinnar ásamt félögum sínum í M.A.-kvartettinum sem telja má fyrstu dægurstjörnur Íslands, en þeir störfuðu á árunum 1932-1942. Auk þess að syngja með kvartettinum gerði Jón marga söngtexta sem slógu í gegn meðal landsmanna, en

meðal þekkttra söngljóða hans eru *Sestu hérna hjá mér, Húmar að kveldi, Ó, Súsanna og Blærinn í lauft*, svo aðeins fáeinir textar séu nefndir.

Flytjendur á tónleikunum eru: Unnur Birna Björnsdóttir, Una Dóra Þorbjörnsdóttir, Unnur Helga Möller, Guðmundur Davíðsson, Magnús Pétursson, Reynir Bergmann Pálsson, Björn Bjarnsteinsson og Sigurður Helgi Oddsson. Aðgangseyrir er 2000 kr. en enginn posi verður á staðnum. Allir eru að sjálsögu hjartanlega velkomnir.



Septembertónleikar í Selfoskirkju

Á sunnudaginn nk. 21. september kl. 20.00 hefjast þriðju orgeltónleikar á árlegum Septembertónleikum kirkjunnar. Friðrik Vignir Stefánsson, organisti Seltjarneskirkju leikur verk eftir Dietrich Buxtehude, Nicolaus Bruhns, Johann Sebastian Bach og einnig íslensk verk eftir Björgvin Guðmundsson, Árna Björnsson og Steingrím Sigfússon.

Aðgangur er ókeypis, eftir tónleika verður boðið upp á kaffi og meðlæti í safnaðarheimili Selfoskirkju.

Hádegisupptakomur í Fjölheimum

Í Fjölheimum á Selfossi er rekin fjölbreytt starfsemi og í vetur stendur til að bæta þar um betur. Í hádeginu milli kl. 12 og 13 síðasta fimmtudag í mánuði verður gestum boðið í húsið þar sem haldin verða skemmtileg og fróðleg erindi um hin ýmsu mál. Fimmtudaginn 25. september næstkomandi mun Bjarni Harðarson bóksali á Selfossi riða á vaðið og halda fyrirlestur sem hlotið hefur nafnið „Vist geta tanaðir selfysskir hnakkar og sminkaðar skinkur búið til bókabæ!“.

Fastlega má gera ráð fyrir því að fyrirlesturinn verði bæði spennandi og skemmtilegur en að auki verður í boði matarmikil súpa á vægu verði. Gestir eru vinsamlegast beðnir að skrá þátttöku með því að senda tölvupóst með nafni og fjölda gesta á fjolheimar@gmail.com eða með því að hringja í síma 560 2030.

Söngæfingarnar að hefjast hjá Tónar og Trix

Nú er komið að því að Tónar og Trix í Þorlákshöfn mæti til söngæfinga. Fyrsta æfingin verður 18. september og hefist kl. 17:30 í Tónlistarskólanum. Allir 60 ára og eldri eru velkomnir og gaman væri að sjá sem flesta.



Æfingar í taekwondo 2014-2015

Börn lægri belti (byrjendur, gul rönd og gult belti) / 2006 og yngri

Mánudaga	kl. 15:00-15:50
Miðvikudaga	kl. 15:00-15:50
Föstudaga	kl. 15:00-15:50

Börn lægri belti (byrjendur, gul rönd og gult belti) / 2002-2005

Mánudaga	kl. 16:00-16:55
Miðvikudaga	kl. 16:00-16:55
Föstudaga	kl. 16:00-16:55

Börn hærri belti (appelsínugult belti og hærra) / 2002 og yngri

Mánudaga	kl. 17:00-18:30
Miðvikudaga	kl. 17:00-18:30
Föstudaga	kl. 17:00-18:30

Fullorðnir lægri belti (grænt belti og lægra) / 2001 og eldri

Mánudaga	kl. 18:30-20:00*
Þriðjudaga	kl. 18:00-20:00 þrek og sparring
Miðvikudaga	kl. 18:00-18:55
Fimmtudaga	kl. 18:30-19:30 teygjur fyrir alla
Föstudaga	kl. 18:00-18:55

Fullorðnir hærri belti (blá belti og hærra) / 2001 og eldri

Mánudaga	kl. 18:30-20:00*
Þriðjudaga	kl. 18:00-20:00 þrek og sparring
Miðvikudaga	kl. 19:00-20:00
Fimmtudaga	kl. 18:30-19:30 teygjur fyrir alla
Föstudaga	kl. 19:30-20:30 rauðbelti og svartbelti

* Iðkendur mæta hálf tíma fyrir til að fara í brynjur og hlífar.

Allar æfingar fara fram í Baulu, íþróttahúsi Sunnulaekjarskóla.

Allir eru velkomnir að koma og prófa óháð kyni og aldri.

Nóg er að mæta með venjulegan íþróttafatnað.

Einnig hvetum við alla eldri iðkendur til að æfa með okkur.

Yfirþjálfari: Daníel Jens Pétursson, 3. dan s. 847 5021

Teikninámskeið í Listasafni Árnesinga

Frá byrjun október og fram í byrjun desember verður boðið upp á teikninámskeið í Listasafni Árnesinga í Hveragerði. Á námskeiðunum verður lögð áhersla á grunn í teikningu sem hentar bæði byrjendum og þeim sem vilja bæta þekkingu sína á formum og undirstöðu í teikningu. Námskeiðin henta öllum sem vilja læra hvernig hægt er að einfalda teikningu og skapa umhverfi og persónur úr einföldum formum. Námskeiðin standa yfir í tvo mánuði og eru einu sinni í viku, klukkustund í



senn. Allt sem þarf að nota í námskeiðið verður innifalið í hverjum tíma. Námskeið fyrir 12 ára og yngri verður haldið alla þriðjudaga kl. 17:30-18:30 frá 7. október til 2. desember. Námskeið fyrir 12 ára og eldri verður haldið alla fimmtudaga kl. 20:00-21:00 frá 2. október til 27. nóvember. Verð fyrir 12 ára og yngri er 7.000 kr. og fyrir 12 ára og eldri 9.000 kr. Kennari á námskeiðunum er Andri Kjartan Andersen myndasöguhöfundur og er hann með diplómu í teikningu úr Myndlistarskóla Reykjavíkur. Skráning á námskeiðin fer í gegnum umsjónaraðila í síma 659 5810 og í netfangið hannapdp@gmail.com.



Olís deild kvenna

Fyrsti heimaleikur stelpnanna í vetur

Selfoss - FH

Íþróttahúsi Vallaskóla

Þriðjudaginn 23. september

klukkan 19:30



errea

Áfram Selfoss!

1. deild karla

Fyrsti heimaleikur strákanna í vetur!

Selfoss - Hamrarnir

Íþróttahúsi Vallaskóla

Föstudaginn 19. september

klukkan 20:00



errea

Áfram Selfoss!




**Parftu að
koma þér á
framfæri?**

**Kynningarefni fyrir
ferðþjónustu**



Mesta breidd í prentverki - allt á einum stað



prentmet
HRAÐÞJÓNUSTA

Íslenskt
-af lífi og sál



Eyravegi 25 · 800 Selfoss · Sími 482 1944 · selfoss@prentmet.is · www.prentmet.is

Tvöföldun oddvitalauna

Á síðasta fundi sveitarstjórnar Rangárþings eystra, þann 2. september sl. lögðum við fulltrúar D-lista fram nokkrar ágætar tillögur. Meðal annarra má nefna tillögu um 50% afslátt af gatnagerðargjöldum við tilbúnar götur í bænum og tillögu um 10% lækkun leikskólagjalda. Rökstuddum við síðari tillögun á þann hátt, að komið yrði til móts við lægri tekjur sveitarfélagsins af leikskólagjöldum út árið, með þeirri breytingu sem lá fyrir að yrði samþykkt á ráðningarsamningi sveitarstjóra. Sú breyting ein og sér mun skila sveitarsjóði tæplega 200 þúsund króna sparnaði á mánuði.

Meirihlutinn sá sér því miður ekki fært að samþykkja þessa góðu tillögu, heldur frestaði henni þar sem unnið væri að úttekt á leikskólagjöldum í sveitarfélaginu og þau borin saman við leikskólagjöld á landsvísu. Sjálfsagt er, og eðlilegt, að skoða leikskólagjöldin í stærra samhengi - en það teljum við augljósan þátt í fjárhagsáætlunargerð fyrir næsta ár. Sannast sagna kom þessi afstaða meirihlutans til tillögunnar okkur í opna skjöldu, enda töluðu allir um

**Kristín Þórðardóttir og
Birkir A. Tómasson**

*Höfundar eru sveitarstjórnarmenn
í Rangárþingi eystra.*



fjölskylduvænt samfélag fyrir síðustu kosningar. Það hlýtur að velta á pólitískri stefnumörkun hverrar sveitarstjórnar hvernig staðið er að gjaldtöku fyrir vistun leikskólabarna. Vissulega greiðir sveitarfélagið nú þegar langstærstan hluta þess kostnaðar sem hlýst af rekstri leikskóla, en það sama gildir um önnur sveitarfélög sem reka leikskóla, sem hafa þó sum hver talið sér fært að lækka gjöldin. Þetta er spurning um forgangsöröðun.

Á sama fundi, var hins vegar samþykkt að tvöfalda laun oddvita, úr 30% af þingfarakaupi (sem er kr. 651.446) í 40% af launum sveitarstjóra, hvers grunnlaun nema nú líðlega 970 þúsund krónum. Þetta er hækkun launa oddvita um rúm 190 þúsund á mánuði, en tillaga okkar fól í sér lækkun tekna sem nam rúmlega 170 þúsundum á mánuði það sem eftir lifir árs.

Við lögðum það og til, að meðal markmiða við

fjárhagsáætlunargerð fyrir næsta ár, verði að lækka leikskólagjöld frekar. Vonum við að meirihlutinn sjái nú að sér og leggi okkur lið í þessari málaleitan okkar.

Vilhjálmur Árnason alþingismaður mætir á laugardagsfund

Sjálfstæðisfélagið Óðinn á Selfossi og Sjálfstæðisfélagin í Árborg munu standa fyrir laugardagsfundum í Sjálfstæðishúsinu Austurvegi 38 kl. 11.00-12.00 alla laugardaga í vetur. Laugardaginn 20. september nk. kl. 11.00 verður gestur fundarins Vilhjálmur Árnason þingmaður okkar Sunnlendinga og mun hann meðal annars ræða frumvarp sem fram er komið á Alþingi er varðar sölu áfengis í verslunum. Allir eru velkomnir.



Fjöruferð og gróðursetning á Stokkseyri

Í tilefni af Degi íslenskrar náttúru bauð Sveitarfélagið Árborg upp á gönguferð í Stokkseyrarfjöru og gróðursetningu í Þuríðargarði á Stokkseyri sl. sunnudag. Siggeir Ingólfsson gróðursetti reynivið í garðinum, en Siggeir hafði frumkvæði að því að byrjað var að planta á svæðinu fyrir fáum árum. Gönguna leiddu þeir Elfar Guðni Þórðarson og Þórður Guðmundsson og greindu þeir frá ornefnum í fjörunni, náttúrufari og bentu á ýmis listaverk náttúrunnar sem leynast víða. Í lok göngunnar voru síðan teknar nokkrar léttar leikfímiafingar og boðið upp á kaffi og kleinur í

Gallery Gimli og heimsókn í Svartaklett, vinnustofu og sýningarsal Elfars Guðna.



Persónuleg og góð þjónusta



Sigurður Jónsson,
hrl., löggiltur fasteignasali



Grímur Sigurðsson,
sölufulltrúi,
sími 776 1100 grimur@stadur.is



Sverrir Sigurjónsson,
sölufulltrúi,
sími 662 4422 sverrir@stadur.is

Vegna aukinna fyrirspurna um jarðir óskum við sérstaklega eftir jörðum á skrá.



Reynivellir Góð 100,6 m² íbúð á annarri hæð í fjölbýli miðsvæðis á Selfossi.
Verð 19,4 m.



Hellubakki Vandað 151 m² einbýli ásamt 32 m² bílskúr í Fosslandi.
Verð 38,5 m.



Fífumói Skemmtileg 94,8 m² íbúð á efri hæð í fjölbýli við Fífumóa.
Verð 20,5 m.



Bjarkarbraut Fallett 202 m² einbýli í Reykholti Bláskógabyggð. 5 herb. og stór bílskúr.
Verð 29,9 m.



Baugstjörn Mjög gott 212 m² einbýli í Baugstjörn á Selfossi. Glæsilegur garður með sólpalli og steiptum heitum potti. Góð eign á góðum stað.
Verð 36,9 m.



Sunnuvegur Fallett hús miðsvæðis á Selfossi. Nýlega endurnýjað á smekklegan hátt.
Verð 28,5 m.



Hólatjörn Snýrtilegt 166,4 m² einbýli með stórum garði í Suðurbyggð á Selfossi. Stór sólpallur og heitur pottur.
Verð 35,4 m.



Eyjahraun Gott 128,2 m² einbýli ásamt bílskúr í Þorlákshöfn. Gott hús á góðu verði.
Verð 17,9 m.



Sími 564 4422 - www.stadur.is

Óskum eftir öllum tegundum eigna á skrá.

Höfum kaupendur m.a. að:

*** Íbúð fyrir eldri borgara**

*** Nýlegu par-/raðhúsi á einni hæð**

*** Einbýli/parhúsi í Suðurbyggð**

Nemendur ML

Narfi Hjartarson frá Patreksfirði er á 2. ári á félagsfræðabraut í ML.

Hvernig er að vera byrjaður í skólanum aftur? Það er bara mjög þægilegt. Þá kemst maður aftur í sama kerfið og hittir gömlu vinina.

Hvernig er félagslífið í ML? Það er einstaklega gott vegna þess að maður er á vist og þá er maður alltaf í kringum alla. Svo eru kaffihúsakvöldin og böllin alveg einstaklega góð.

Hvað gerir þú fyrir utan skólatímann?

Ég stunda líkamsrækt og svo eru ML-tímar þar sem eru stundaðar íþróttir.

Hvað ætlar þú að gera þegar þú klárar námið? Ég ætla líklegast að læra skógræði.



Narfi Hjartarson frá Patreksfirði er á 2. ári í ML.

Þórmundur Smári

Hilmarsson frá Syðra-Langholti í Hrunamannahreppi er á 4. ári á náttúrufræðabraut í ML.

Hvernig er að vera byrjaður í skólanum aftur? Það er voða ljúft.

Það er gott að vera á Laugarvatni.

Hvernig er félagslífið í ML? Það er mjög gott. Það er alltaf eitthvað í gangi.

Hvað gerirðu helst utan skólans? Ég æfi körfubolta og svo er ég líka í stjórn í nemendafélaginu. Það tekur svolítinn tíma.

Hvað ætlar þú að gera þegar náminu lýkur? Ég ætla að fara beint í HR í tölvunarfræði. Það er svona líklegast í stöðunni.



Þórmundur Smári Hilmarsson frá Syðra-Langholti í Hrunamannahreppi er á 4. ári í ML.

Sumarmót Fischersseturs haldið í annað sinn

Laugardagskvöldið síðasta fór fram sumarmót Fischersseturs í annað sinn, að hausti reyndar, sem hafði þó ekki teljanleg áhrif á taflmennsku þeirra 30 keppenda sem tóku þátt. Tefld var hraðskák með sjö mínútna umhugsunartíma og fjölmenntu keppendur Norðurlandamóts barnaskóla sem fram fór þessa helgi á Hótel Selfossi. Hart var barist eins og gefur að skilja og góðir tilburðir í anda Fischers svifu á stundum yfir borðum.

Það fór svo að sigur hafði hinn danski, Jacob Brorsen, hann sigraði landsliðskonuna Lenku Ptacnikova í hreinni úrlitaskák af nokkru öryggi, Lenka varð síðan önnur og Jón Trausti Harðarson þriðji. Jacob fær því nafn sitt lettað á farandbikar nokkurn fyrir neðan nafn Helga Ólafssonar stórmeistara sem vann mótið í fyrra.

-mm



Þrjú efstu á mótinu. Frá vinstri: Jón Trausti Harðarson, Jacob Brorsen og Lenka Ptacnikova.



Framsóknarfélag Árborgar

Félagsfundur verður haldinn í Framsóknarfélagi Árborgar fimmtudaginn 18. september kl. 20.30 að Eyravegi 15, Selfossi.

Dagskrá:

Kjördæmisþing KSFS

Bæjarmálin: Helgi S. Haraldsson

Landsmálin: Þingmaður

Önnur mál.

Hlökkum til að sjá ykkur.

Stjórnin.





Útflutningur – möguleg tækifæri?

Vantar þig svör við spurningum um útflutning eins og:

- Hvaða upplýsingar/aðgerðir eru nauðsynlegar fyrir ákvarðanatöku?
- Hvar finn ég þessar upplýsingar?
- Hvenær er útflutningur tímabær?
- Hvernig getur Íslandsstofa aðstoðað?

Fulltrúi Íslandsstofu, Björn H. Reynisson verkefnastjóri, verður með kynningarfund á útflutningsþjónustu Íslandsstofu **24. september** nk. á skrifstofu Samtaka sunnlenskra sveitarfélaga, Austurvegi 56, Selfossi milli klukkan 10 - 12. Í framhaldinu verður boðið uppá viðtal við Björn og/eða að fá hann í heimsókn í þitt fyrirtæki þann dag eða síðar eftir samkomulagi.

Pantaðu viðtal með því að hafa samband við Björn H. Reynisson, bjorn@islandsstofa.is eða í síma 511 4000.

Lítill skóli með heimavist og hátt þjónustustig

Starfsemi Menntaskólans að Laugarvatni er nú komin á fullt skrið. Í vetur er 141 nemandi í skólanum. Síðustu árin hefur aðsókn í skólann verið mjög mikil og stundum ívið meiri en hægt hefur verið að ráða við. Húsnæði skólans miðast við að geta tekið við um 160 nemendum. Að sögn Halldórs Páls Halldórssonar, skólameistara, eru um 80% nemenda af Suðurlandi og koma flestir úr dreifðri byggð. Hann sagði að það ætti þó ekki við um alla því oft væru í skólanum nemendur frá Selfossi, Hveragerði og víðar úr þéttbýliskjörnum. Svo koma einnig nemendur t.d. frá Ströndum, úr uppsveitum Borgarfjarðar, Dölunum, af Reykjanesinu og líka frá höfuðborgarsvæðinu.

„Það eru dæmi um að nemendur sem koma frá stöðum þar sem eru framhaldsskólar jafnvel við bæjardyrnar heima hjá þeim. Þeir koma oft hingað vegna þess að systkini voru hérna í skólanum eða jafnvel foreldrar. Eða þá að þau vilja sækja í lítinn skóla með heimavist og hátt þjónustustig, eins og það er gjarnan orðað. Bekkjakerfið laðar líka tvímælalaust að. Það er ekkert óeðlilegt því að með dvöl sinni hér, veru í námi í skólanum og á heimavistinni, leggja þau oft grunn að ævilangri vináttu,“ sagði Halldór Páll.

Langflestir nemendur Menntaskólans að Laugarvatni eru á heimavist. Að jafnaði fara



Halldór Páll Halldórsson, skólameistari Menntaskólans að Laugarvatni.

þeir heim um helgar nema eitthvað mikið sé um að vera í félagslífinu. Að sögn Halldórs Páls er félagslíf mjög mikið á Laugarvatni og þá ekki síst íþróttalíf og útivist. Þá er mjög mikill áhugi á söng og eru um 40% nemanda ML í kór, en því starfi stýrir Eyrún Jónasdóttir. Kórinn stefnir á utanlandsferð í apríl. Framundan er uppsetning á stóru leikriti sem verður frumsýnt í mars.

„Markmiðið hjá okkur er fyrst og fremst að vera með öflugt nám sem er góður undirbúningur undir áframhaldandi nám í háskólum og sérskólum. Við höfum verið svo lánsöm að það hafa að jafnaði sótt hingað mjög öflugir

nemendur og auðvitað líka aðrir sem þurfa að leggja aðeins harðar að sér. Bekkjakerfið hefur hjálpað mörgum að halda sig að námi og um leið að halda sig að vinnu. Þetta er eins og í öllu öðru fyrst og fremst þessi daglega ástundun sem skiptir máli. Við höldum áfram í vetur af krafti, dugnaði og elju, eins og alltaf hefur verið. Framundan hjá skólafyrirvöldum er síðan vinna að skipulagsbreytingum úr fjögurra ára námi í þriggja ára nám samkvæmt stefnu ríkisstjórnarinnar. Það er það sem við munum m.a. fást við í vetur,“ sagði Halldór Páll, skólameistari ML.

-ög

Ferðaðþjónustan Minniborgir

Gisting og veitingar
Boltinn í beinni

Veitingahúsið okkar verður opið í allan vetur.

Villibráðar- og jólahlaðborð.

Uppl. á www.minniborgir.is og í síma 486 1500

Ert þú eða barnið þitt öruggt á hjólinu?

Samkvæmt lögum eiga börn yngri en 15 ára að vera með reiðhjól hjálm við hjóleiðar. Best er ef allir hjóleiðaðkendur eru með reiðhjól hjálm.



Forvarnahópur Árborgar



Hjartans þakkir kærur ættingjar og vinir fyrir veittan hlýhug og stuðning vegna andláts og útfarar yndislegs sonar okkar, bróður, mágs og frænda,

Guðmundar Péturs Jónssonar (Gumma P.)
(Gumma Lux)

Sigríður J. Guðmundsdóttir Jón Pétursson
Hanna Björk Jónsdóttir Jóhann R. Kristjánsson
Viktor Ingi Jónsson
Jón Anton Stefánsson
Rakel Egilsdóttir
Anita Lind Víktorsdóttir

TIL SÖLU

Skálholtsdómkirkja

Messa sunnudag 21. september kl. 11.00. Sr. Kristján Valur Ingólfsson, Skálholtsbiskup, annast prestþjónustuna. Organisti er Jón Bjarnason.

Sólheimakirkja

Guðþjónusta verður sunnudaginn 21. september kl. 14:00 Prestþjónusta annast sr. Birgir Thomsen. Ester Ólafsdóttir organisti leiðir safnaðarsöng. Meðhjálparar eru: Eypór K. Jóhannsson og Erla Thomsen.

Porlákaskirkja

Messa kl. 14:00. Organisti Jörg Sondermann. Kór Porlákaskirkju. Vonast er eftir þátttöku fermingarbarna og foreldra þeirra. Fermingarfræðsla eftirleiddis á fimmtudögum kl. 14:30. Dagar ákveðnir og ýmis fyrirkomulagsatriði rædd.

Sóknarprestur.

Sunnudagaskóli.

Sunnudagaskóli hefst kl. 11:00. Hafdis Þorgilsdóttir stjórnar. Nýtt efni. Allir velkomnir. Heitt á könnunni.

KIRKJUR

Selfoskirkja

Messa kl. 11. Prestur sr. Axel Á Njarðvík. Organisti Jörg Sondermann. Kirkjukór Selfoss syngur. Létt máltíð í safnaðarheimili að messu lokinni. Septembertónleikar að kveldi sunnudags kl. 20. Friðrik Vignir Stefánsson, organisti Seltjarnarneskirkju leikur á orgelið. Kaffi og konfekt eftir tónleika í safnarheimili.

Hvítasunnukirkjan Selfossi
Austurvegi 40b
www.selfossgospel.is

Sunnudaga kl. 11:00 - Samkoma, barnapössun og kaffiveitingar. Mánudaga kl. 20:00 - Celebrate Recovery 12 spora fundir. Opnir fyrir alla. www.celebraterecovery.is. Fimmtudaga kl. 19:00 - Bæna-stund

LÖGMENN SUÐURLANDI

Austurvegi 3, Selfossi - Sími 480 2900 - www.log.is



Fífumói 5-7, íb. 0202 Selfossi NÝTT
Hentug fyrstu kaup. Um er að ræða 94,8 m² íbúð á efri hæð í viðhaldslitlu fjórbylishúsi. Íbúðin er tvö svefnherbergi.
Verð 20,5 millj.



Hellubakki 6, Selfossi NÝTT
Um er að ræða 138,7 m² einbýlishús ásamt 35,8 m² sambyggðum bílskúr við Hellubakka á Selfossi. Húsið er byggt úr forsteyptum einingum og er steinað að utan en bárujárn er á þaki. Fjögur svefnherbergi í húsinu
Verð 38,5 millj.



Laufás, Ásahreppi NÝTT
Um er að ræða lögbýli sem er 3,7 ha. grasgefið land og glæsilegt tvílyft timbureinbýlishús. Húsið er vandað sænskt tveggja hæða einbýlishús sem er 147,6 m² byggt úr timbri árið 2007. Hitaveita er í húsinu. Lóðin er afgirt. Á deiliskipulagi fyrir lóðina er gert ráð fyrir hesthúsi. Mjög viðsýnt er frá húsinu.
Verð 40,0 millj.



Túngata 20, Eyrarbakka NÝTT
Um er að ræða 187,5 m² einbýlishús ásamt 28,0 m² frístandandi bílskúr. Húsið er steinsteypt, byggt árið 1962 en bílskúrin er byggður úr timbri árið 1963. Húsið er fimm herbergi.
Verð 23,9 millj.



Reynivellir 10, íb.102, Selfossi Lækkað verð.
Um er að ræða 93,6 m² íbúð ásamt 27,7 m² bílskúr á jarðhæð í fjórbylishúsi við Reynivelli á Selfossi. Húsið er steinsteypt, byggt árið 1963. Tvö svefnherbergi.
Verð 16,9 millj.

**Kaupandi greiðir
enga umsýslubóknun
hjá okkur**

**Höfum kaupendur
að einbýlis-, par-
og raðhúsum
á Selfossi**

Löggiltir fasteignasalar: Sigurður Sigurjónsson hrl., Ólafur Björnsson hrl., Torfi Ragnar Sigurðsson hrl., Steindór Guðmundsson lögg.fasteignasali. Sölumenn: Hallgrímur Óskarsson, Sigurður Sigurðsson.

BÍLAR



Sími 482 4012, Hrísmýri 3, Selfossi

Þjónustuskoðanir Heklu-bifreiða og almennar bílavíðgerðir.



Hjólástillingar
Shell smurþjónusta
ÞJÓNUSTUUMBOÐ SELFOSSI



Gagnheiði 11
800 Selfossi
Sími 482 2200
GSM 894 2277
Fax 482 2777

Yfirbyggingar - Réttingar
Bílamálun - Rúðuskipti

HEILSA

**Energy Touch
- Nudd
- Heildræn
meðhöndlun**



Jákvæðar
hugsanir
breyta deginum

Vinsælu
gjafakortin



**Ragnhildur
Sigurðardóttir
farsími
693 2197**

Cand.mag. í íþróttaræðum,
nálastungur, yoga,
NLP-master/coach,
nuddmeistari,
Hugræn atferlismeðferð,
meta medicine.

THAIENSKT HEILSUNUDD
fyrir konur.

Tímápanantir í síma 693 7682.
Suphaphon Tangwairam,
thailenskur heilsunuddari

ÞJÓNUSTA



Sveinn Skorri Skarphéðinsson
Sími 893 0422
sveinnskorri@gmail.com

X5

Persónuleg þjónusta

Bílavíðgerðir

Hjólbarðasala

Hjólbarðþjónusta

Gagnheiði 34 S: 893-3305



Hjá Maddý ehf.

Eyravegi 27- 800 Selfoss
s. 482 3454 – maddy@maddy.is

Bókhald - ráðgjöf
skattskil

Launavinnsla
Reikningaskrif

Greiðslumat
Greiðsluerfiðleikamat
Persónuleg þjónusta

ÞJÓNUSTA

• STEYPUSÖGUN • KJARNA-
BORUN • INNRÖMMUN •
• FLUTNINGAR •
Saga dyragöt, gluggagöt og
fleira í steinsteypu.
Kjarnaborun fyrir lögnum.
Ramma inn myndir,
speglar og fleira.
Opið frá kl. 12-20 virka daga,
og þess utan ef einhver er við.
ÁSGEIR EGGERTSSON
Sléttuvegi 6, Selfossi
Sími 482 2319 - 893 9068.
STEINSTEYPUSÖGUNIN ÁS ehf.



KJARNA-BÓKHOLD
Austurvegi 6 - 800 Selfossi
Sími 482 3755 - kjarna@centrum.is

Bókhald • Framtöl • Skattskil
Launavinnslur • Ráðgjöf o.fl.

Ráð í rekstri!



S: 662-1122
Daglegar ferðir
SELFOS - REYKJAVÍK
SUÐURLAND

ÞJÓNUSTA

Taxi Hveragerði
5 - 8 manna bílar
sími 483 4200

**Eru meindýrin að
angra þig?**



Sími: 892 0502

Gunnar Þór Hjaltason,
meindýraeyðir, Bjarnastöðum, Ölfusi

TIL SÖLU



Verkfærageymsla - Gestahús
Til sölu 15 m² verkfæra-
geymsla, lítið mál að breyta í
snýrtilegt gestahús. Einangrað
í hólf og gólf, raflagnir og ljós
eru í geymslunni. Auðvelt að
flytja, er á öflugum stál-
dregurum. Verð: TILBOÐ.
Áhugasamir hafi samband við
Torfa, s. 892 6370.

FUNDIR

**KRABBAMEINSFÉLAG
ÁRNESSYSLU**
Sími 696 1752

Al-Anon
Al-Anon fundir á þriðjudögum
kl. 21:00, Hrísholti 8.

CoDA
Bataleið frá meðvirkni
Fundir alla sunnudaga kl. 16
Hrísholti 8, Selfossi (AA húsið).
Nánari upplýsingar coda.is.

AA
Fundir alla miðvikudaga kl.
19:30.
Hrísholti 8, Selfossi.
Nánari upplýsingar á aa.is

Matarfíkn?
OA fundir á Selfossi alla
laugardaga kl. 11:00, Hrísholti
8.
Hlökkum til að sjá þig.

ATVINNA

Vikurvinnsla
Starf í vikurvinnslu Jarð-
efnaðnaðar ehf. í Þorlákshöfn
er laust til umsóknar. Félagið
starfar að vinnslu jarðefna,
aðallega til útflutnings. Þeir
sem áhuga hafa vinsamlegast
hafi samband á netfanginu
jei@jei.is

Lagnabjónustan ehf

Pípulagnir - Efnissala
482 2311 ☎ 696 2311
Skrifstofa Þjónustusími



Nýtt veitingahús að Minniborgum

Í byrjun júlí var opnaður að Minniborgum nýr veitingastaður, ásamt nýrri gestamóttöku. Á veitingastaðnum, sem tekur um 100 manns í sæti, er lögð áhersla á mat úr héraði, gott grænmeti og góða fisk- og kjötrétti. „Við erum með léttan matseðil með hlaðborði í hádeginu, súpu, pasta o.fl. alla daga. Svo er sérstakur kvöldverðarmatseðill og morgunverðarhlaðborð líka. Fólki getur einnig fengið kaffi og veitingar með því, þannig að þetta spannar í raun allan skalann,“ sagði Örvar Hólmarsson, sem rekur Minniborgir ásamt Einari Þorsteinssyni.

Að sögn Örvars eru um þrjátíu hús að Minniborgum í nokkrum þorpum. „Við erum með fjórar stærðir af húsum. Eins og þetta er núna getum við tekið 80 - 100 manns í gistingu,“ sagði Einar.

Þeir félagar sögðu að reksturinn hefði gengið mjög vel í sumar. „Það er búið að vera fullt að gera í þessu í sumar þó að við höfum ekki haft neinn tíma til að kynna þetta neitt almennilega,“ sagði Örvar. „Við höfum í sumar lagt áherslu á hálendisferðir á jeppum og fjallatrúkkum og svo



höfum við verið með hestaleigu hérna rétt hjá líka. Það hefur bara verið fint að gera í því líka.“

Hann sagði að haustið og veturinn lofaði góðu. „Við erum að fara að keyra mikið á þessa

hópa núna, fyrirtækjahópa, árshátíðir og ættarmót líka. Svo verða villibráðarhlaðborð og jólahlaðborð sem við erum að fara að auglýsa núna í október, nóvember og desember,“ sagði Örvar. -ög

Bílaleiga Selfoss endurnýjar hluta bílaflotans

Í liðinni viku fékk Bílaleiga Selfoss afhentar nýjar Toyota bifreiðar, en það er hluti af endurnýjun bílaflota fyrirtækisins vegna mikillar aukningar í útleigu síðustu misserin.

Bílaleiga Selfoss, sem hefur þjónað Sunnlendingum í sextán ár, leggur áherslu á að vera með trausta og góða bíla sem og persónulega þjónustu. Þá er það

nýjung hjá Bílaleigu Selfoss að bjóða bíla í A-flokki í fastri vetrarleigu, sem er eins konar tímabundin rekstrarleiga. Innifalið í slíkri leigu eru tryggingar, bifreiðagjöld, vetrardekk, smurþjónusta sem og almennt viðhald, ásamt 15.000 km akstri yfir tímabilið. Verð á slíkri leigu er 67.000 krónur á mánuði.

Á myndinni tekur Jóhann Þórisson við Toyota Auris bifreiðum af Hauki Baldvinssyni hjá Toyota Selfossi. Með þeim á myndinni eru einnig Guðrún Guðjónsdóttir og Ísold Rán Andradóttir.



SÍMI 482 3800

Opið allan sólarhringinn um helgar



Efnissala
Rennismíði
Innréttingar
Járnsmíði

Gagnheiði 5, Selfossi
Sími 482 1980



Hleðsla - Sala - Þjónusta

Gagnheiði 53b - Selfossi
Sími 666 9990

Verslun við litla manninn

Hjólbarðapjónusta
Magnúsar

Gagnheiði 25 - Sími 482 2151



Hjólbarðar
Smurþjónusta
Betri vörur - betra verð

Bílasprautun - Bílaréttingar - Bílrúðuskipti
Bilverk BA
- þar sem fagmennirnir vinna
★★★★ Vottað verkstæði
Gagnheiði 3 - Selfossi
Sími 482 2224 / 899 5424 - bilverkba.is

Gluggar **Útihurðir** **Sérsmíði**
GK GLUGGAR
Norður-Nýjabæ | 851 Hellu | 566 6787
www.gkgluggar.is | gkgluggar@gkgluggar.is

Tækniþjónusta Suðurlands ehf.
Selfossi
Þjónusta og sala á:
Gervihnattagbúnaði Loftnetsbúnaði
Öryggiskerfum Eftirlitsmyndavélakerfum
Hljóðkerfum Símkarferum o.fl.
Sérhæfing, þekking, reynsla
Gunnar Guðmundsson
sími 694 4922

FYLGD
Útfararþjónusta
Gísli Gunnar Guðmundsson Elfar Freyr Sigurjónsson Svanhildur Eiríksdóttir
Vistvænar íslenskar kistur
Þjónusta allan sólarhringinn
Sími 482 4300
Netfang: fylgd@fylgd.is - Vefsíða: fylgd.is

ÖKUSKÓLI SUÐURLANDS
Vinnuvélanámskeið Meiraprófsnámskeið
Eyravegi 55, Selfossi - Þráinn, sími 892 9594 - www.okuskoli.is

Raf- og Kæli-þjónustan ehf.
Sími 692 4649
• Uppsetn. og viðhald á kæli- og frystikerfum • Ísskápavíðgerðir • Almennar raflagnir

FRÓN
heittasti tónlistar- & næsturklúbbur á Íslandi
Fim. Uppistand The Comedy Club kl. 22:00. MILLERTIME á meðan! Sex MILLER í fótu á 3.000!
Fös. BLACK FRIDAY með ANDRÉ RAMIREZ! Old school Hip hop í bland við það nýjasta!
Lau. CRABBIES PARTY með GAYKAY! Frir CRABBIES milli 23 & 00!
Boltinn í beinni
fron@fronclub.is / Eyravegi 35 / 800 selfoss

VÖRUFLOTNINGAR
Reykjavík - Árnassýsla
Sækjum vörur í Reykjavík.
Vöndull
FLUTNINGAÞJÓNUSTA
Sími 856 1580
Vörumóttaka - Héðinsgata 1-3
Nesfrakt

LJÓSMYNDASTOFA SUÐURLANDS
PASSA MYNDIR
Eyravegur 38
sími: 4821766
FILMVERK